

# Leiðbeiningar um áreiðanleikakönnun fjármálastofnana á reikningum og reikningseigendum sbr. reglugerð 1240/2015 og FATCA samning Íslands og Bandaríkjanna

---

## 1. Inngangur

### 1.1. Bakgrunnur:

Í mars 2010 voru samþykkt á Bandaríkjaþingi lög, Foreign Account Tax Compliance Act (hér eftir FATCA) sem leggja skyldu á erlenda lögaðila, s.s. fyrirtæki og stofnanir, (hér eftir nefnd fjármálastofnanir) sem sjá um fjárfestingar og vörslu á fjármunum fyrir bandaríska einstaklinga og lögaðila. Markmið FATCA er að stuðla að réttari skattskilum og koma í veg fyrir undanskot. Samkvæmt FATCA hvílir skylda á erlendum fjármálastofnunum, þ.m.t. íslenskum, að upplýsa bandarísk skattfyrvöld um eignir utan Bandaríkjanna sem eru í eigu bandarískra skattaðila. Sinni fjármálastofnanir ekki upplýsingaskyldu sinni er lagður 30% skattur á allar greiðslur sem fara frá Bandaríkjunum til þeirra.

Til að liðka fyrir upplýsingaskiptum og til að sambærilegar upplýsingar frá bandarískum fjármálastofnunum berist íslenskum stjórnvöldum hefur verið gerður samningur við Bandaríkin þar sem nákvæmlega er skilgreint hvaða upplýsingum á skiptast á og eftir hvaða reglum fjármálastofnanir eiga að fara þegar þær meta hvort upplýsingar varði skattaðila Bandaríkjanna eða Íslands (áreiðanleikakönnun e. Due Diligence). Samningur Íslands og Bandaríkjanna var undirritaður 26. maí 2015, hér eftir nefndur FATCA samningurinn. Upplýsingaskylda íslenskra fjármálastofnana skv. FATCA samningnum hefur verið í gildi frá og með 30. nóvember 2014.

Samkvæmt FATCA samningnum skulu upplýsingaskyldar íslenskar fjármálastofnanir, eins og þær eru skilgreindar í samningnum, skila upplýsingum til ríkisskattstjóra sem kemur þeim áfram til bandarískra skattfyrvalda. Ríkisskattstjóri er þannig milliliður í þeim upplýsingaskiptum sem fram fara samkvæmt FATCA.

Ísland undirritaði þann 29. október 2014 yfirlýsingu vegna upptöku alþjóðlegs staðals um regluleg upplýsingaskipti á fjárhagsupplýsingum (e. Common Reporting Standard eða CRS) og hefur Ísland skuldbundið sig til að skiptast á umræddum upplýsingum frá og með árinu 2017. Staðallinn var þróaður af aðildarríkjum OECD og fleiri ríkjum. Staðallinn byggir að miklu leyti á bandarísku FATCA löggjöfinni og þeim samningnum sem bandarísk skattfyrvöld hafa gert við önnur ríki.

Í desember 2015 var sett reglugerð nr. 1240/2015, um framkvæmd áreiðanleikakönnana vegna upplýsingaöflunar á sviði skattamála. Reglugerðin leggur skyldur á íslenskar fjármálastofnanir sem sjá um fjármálaþjónustu, fjárfestingar og vörslu á fjármunum fyrir einstaklinga og lögaðila. Með reglugerðinni hefur ofangreindur staðall OECD verið

innleiddur í íslenska löggjöf sbr. og 12. gr. laga nr. 124/2015, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld.

Samkvæmt reglugerðinni skulu tilkynningaskyldar fjármálastofnanir, eins og þær eru skilgreindar í reglugerðinni, skila upplýsingum til ríkisskattstjóra um eignir erlendra einstaklinga og lögaðila. Ríkisskattstjóri mun svo skila upplýsingunum áfram til heimilisfestaríkja erlendu aðilanna. Upplýsingaskylda samkvæmt reglugerðinni gildir frá og með 1. janúar 2017 en fjármálastofnanir þurfa á árinu 2016 að framkvæma áreiðanleikakannanir vegna tiltekinnar reikninga. Fyrstu upplýsingaskil á grundvelli reglugerðarinnar verða á árinu 2017.

Upplýsingaskylda íslenskra fjármálastofnana til ríkisskattstjóra byggir á 92. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

### *1.2. Skyldur skv. 92. gr. tekjuskattslaga:*

Í 92. gr. tekjuskattslaga er kveðið á um víðtæka upplýsingaskyldu til ríkisskattstjóra m.a. til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar á sviði skattamála. Árlega birtir ríkisskattstjóri auglýsingar þar sem tilgreint er nákvæmlega hvaða upplýsingum ber að skila og með hvaða hætti. Athygli er vakin á því að FATCA samningurinn og reglugerðin auka við skyldur fjármálastofnana, eins og þær eru skilgreindar í FATCA samningnum og reglugerðinni, til að veita ríkisskattstjóra upplýsingar. FATCA samningurinn og reglugerðin eru þannig til viðbótar við þá upplýsingaskyldur sem lagðar eru á fjármálastofnanir skv. 92. gr. tekjuskattslaga.

### *1.3. Um leiðbeiningar þessar:*

Tilgangur þessara leiðbeininga er að auðvelda íslenskum fjármálastofnunum að sinna þeim skyldum sem á þær eru lagðar með FATCA samningnum og áður nefndri reglugerð. Leiðbeiningarnar byggja að stórum hluta á [greinargerð](#) sem fylgdi OECD staðlinum. Leiðbeiningarnar eru ekki tæmandi og vísast að öðru leyti til áður nefndrar greinargerðar. Öllum fjármálastofnunum sem ekki eru beinlínis undanþegnar skv. FATCA samningnum og reglugerðinni ber skylda til að hlíta þeim reglum sem kveðið er á um áreiðanleikakönnun í samningnum og reglugerðinni og koma á ferlum sem tryggja að slíkt sé gert.

Þá ber öllum tilkynningaskyldum fjármálastofnunum skylda til að skrá sig hjá bandarískum skattfyrirvöldum og fá sérstakt númer (e. Global Intermediary Identification Number - GIIN) sem og að uppfylla ákveðnar skyldur sem lúta að greiðslum til fjármálastofnana sem eru ekki þátttakendur í FATCA (e. Non-Participating Foreign Financial Institution – NFFI).

## **2. Til hverra nær upplýsingaskyldan?**

### *2.1. Inngangur*

Þær fjármálastofnanir sem eiga að skila upplýsingum um erlenda reikningseigendur samkvæmt reglugerðinni og FATCA eru tilkynningaskyldar fjármálastofnanir (e. Reporting Financial Institution).

Tilkynningaskyldar fjármálastofnanir geta eingöngu verið lögaðilar. Til að ákvarða hvort lögaðili teljist vera tilkynningaskyld fjármálastofnun þarf lögaðilinn sjálfur að taka afstöðu til þess hvort hann falli undir hugtakið fjármálastofnun eins og það hugtak er skilgreint í reglugerðinni og FATCA samningnum.

Almennt má segja að reglugerðin og FATCA samningurinn séu samhljóða að þessu leyti en þó eru undanþágur ekki alveg þær sömu. Undanþágur frá reglugerðinni byggja alla á reglugerðinni sjálfri á meðan undanþágur frá FATCA byggja á samningnum og bandarískri löggjöf. Fjármálastofnanir geta þannig haft mismunandi stöðu samkvæmt reglugerðinni annars vegar og FATCA hins vegar.

Hugtakið fjármálastofnun skv. reglugerðinni og FATCA ekki samhljóða hugtakinu fjármálafyrirtæki skv. lögum um fjármálafyrirtæki. Hugtakið er íslenska þýðingin á hugtakinu „Financial Institution“ sem er í CRS og FATCA. Skilgreining CRS og FATCA á hugtakinu byggir að hluta til á staðli alþjóðlegs vinnuhóps um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka (e. Financial Action Task Force on Money Laundering – FATF).

## 2.2. Heimilisfesti

Reglugerðin og FATCA samningurinn taka til íslenskra fjármálastofnana sem stofnsettar eru á Íslandi og dótturfélaga og útibúa erlendra fjármálastofnana sem eru starfrækt á Íslandi. Dótturfélög og útibú íslenskra fjármálastofnana sem starfrækt eru utan Íslands falla ekki undir reglugerðina eða FATCA. Fjármálastofnun sem er skattskyld á Íslandi skv. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, fellur alla jafna undir reglugerðina og FATCA.

## 2.3. Hugtakið fjármálastofnun

Eins og áður segir eru það eingöngu lögaðilar sem geta verið fjármálastofnanir samkvæmt reglugerðinni og FATCA. Þannig fellur starfsemi sem einstaklingur rekur ekki undir hugtakið þrátt fyrir að í starfseminni felist þjónusta sem talin er upp hér á eftir. Fjármálastofnun er þá hvers kyns lögaðili og skiptir form hans ekki máli. Fjármálastofnun getur þannig verið m.a. hlutafélag, einkahlutafélag, samlagsfélag, samlagshlutafélag, sameignarfélag, sjóður, samtök og stofnun.

Lögaðilinn verður að reka atvinnu / starfsemi sem felst í:

- viðtöku innlána sem lið í venjulegri bankastarfsemi (innlánsstofnun), eða
- varðveislu fjármuna fyrir aðra í verulegum mæli, eða
- fjárfestingum fyrir viðskiptavinum í peningamarkaðsgerningum, innlánskírteinum, eða afleiðum, stjórnun eignasafna, fjárvörslu og hvers kyns umsýslu, fjárstýringu sjóða eða fjármuna fyrir aðra, eða
- sölu á váttryggingum, sem skuldbinda váttryggingafélagið til að inna af hendi greiðslur að tilteknu peningavirði, eða gerð lífeyrissamninga.

Starfsemi fjármálastofnunar getur falist í fleiri en einu af ofantöldum atriðum og getur því fallið undir fleiri en einn flokk fjármálastofnana samkvæmt reglugerðinni og FATCA.

Í tilteknum tilvikum skipta tengsl aðila máli. Aðilar teljast tengdir ef annar þeirra stjórnar hinum eða báðir lúta sameiginlegri stjórn. Aðili telst vera undir stjórn annars ef meira en 50% af atkvæðum eða verðmæti lögaðila er beint eða óbeint í eigu sama aðila. Verðbréfasjóðir og fjárfestingasjóðir teljast vera tengdir ef sami aðili fer með stjórn þeirra.

### 2.3.1. Innlánsstofnun

Sá lögaðili sem rekur almenna bankþjónustu eða sambærilega starfsemi telst vera innlánsstofnun. Lögaðili telst vera innlánsstofnun ef hann tekur t.a.m. við innlánnum og hann:

- stundar útlánastarfsemi, eða
- kaupir, selur eða miðlar viðskiptakröfum og skuldabréfum, eða
- veitir ábyrgðir og fjárvörsluþjónustu, eða

- fjármagnar gjaldeyrisviðskipti, eða
- hefur verðbréf í vörslu og ávaxtar þau

Almennt má segja að viðskiptabankar, sparisjóðir og láanafyrirtæki sem skráð eru á Íslandi og hafa leyfi Fjármálaeftirlitsins, sbr. 20. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, teljist vera fjármálastofnanir samkvæmt reglugerðinni og FATCA. Þá geta einnig fallið undir hugtakið innlánsstofnanir, samvinnufélög eða önnur samtök og stofnanir sem taka við fjármunum frá félögum/meðlimum reki lögaðilinn þá starfsemi sem talin er upp hér að ofan. Þá geta greiðslukortafyrirtæki og rafeyrisfyrirtæki jafnframt fallið undir hugtakið svo framarlega sem slík fyrirtæki taka á móti innborgunum frá korthöfum s.s. vegna fyrirframgreiddra greiðslu- og/eða inneignarkorta.

Lögaðili telst ekki reka innlánsstarfsemi taki hann eingöngu á móti fjármunum sem standa eiga sem trygging vegna sölu eða leigu á fasteignum eða lausafé.

### 2.3.2. Vörslustofnun

Til vörslustofnunar telst hver sá lögaðili sem stundar starfsemi sem að verulegu leyti snýst um að varðveita fjármuni fyrir reikning annarra og tengda starfsemi. Skilyrði skilgreiningarinnar er uppfyllt ef tekjur lögaðilans af varðveislu fjármuna fyrir aðra nema 20% eða meira af brúttótekjum hans. Miða skal við þrjú síðustu reikningsár, eða frá því að lögaðilinn hóf starfsemi hafi hann ekki starfað í þrjú ár.

Til tekna af varðveislu fjármuna fyrir aðra og tengdri starfsemi teljast tekjur af:

- umsjón, reikningshaldi og færslugjöldum
- þóknunum og gjöldum sem tengjast framkvæmd og verðlagningu verðbréfavíðskipta
- útlánum til viðskiptavina í tengslum við fjármuni sem umsjón er með
- ráðgjöf vegna vörslu fjármuna
- greiðslujöfnun og –uppgjóri.

Bankar og verðbréfafyrirtæki falla almennt undir skilgreiningu á vörslustofnunarhugtakinu samkvæmt reglugerðinni. Vakin er athygli á því verðbréf sem skráð eru hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. (áður Verðbréfaskráning Íslands) teljast ekki vera í vörslu verðbréfamiðstöðvarinnar. Þannig mun Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. ekki vera vörslustofnun samkvæmt reglugerðinni eða FATCA vegna VS reikninga.

Veiti lögaðilinn eingöngu leiðbeinandi fjárfestingarráðgjöf telst hann ekki vera vörslustofnun enda sér hann ekki um vörslu eða fjárfestingu á þeim verðbréfum eða fjárfestingarafurðum sem um ræðir. Hið sama á við um lögaðila sem eingöngu sinnir fjárfestingum eftir beinum fyrirmælum frá eigandanum. Slíkur aðili gæti aftur á móti verið fjárfestingaraðili skv. FATCA samningnum og reglugerðinni.

### 2.3.3. Fjárfestingaraðili

Hugtakið fjárfestingaraðili tekur til tvenns konar lögaðila og starfsemi;

1. lögaðila sem fyrst og fremst fjárfesta fyrir reikning annarra. Verðbréfafyrirtæki og rekstarfélög verðbréfafyrirtækja teljast almennt til fjárfestingaraðila samkvæmt þessum lið,
2. lögaðila sem einkum fá brúttótekjur vegna fjárfestinga, endurfjárfestinga eða viðskipta með fjármunaeignir og umsjón fjárfestinganna er á hendi annarrar fjármálastofnunar. Verðbréfasjóðir og fjárfestingasjóðir ýmiss konar teljast almennt til fjárfestingaraðila samkvæmt þessum lið.

Lögaðili telst vera fjárfestingaraðili ef starfsemi hans felst í einhverju af eftirtöldu:

- viðskiptum með
  - peningamarkaðsbréf, s.s. tékka, víxla, hlutdeildarskírteini og afleiður
  - gjaldmiðla
  - vaxta- og vísitöluskiptasamninga
  - framseljanleg verðbréf og hrávöruframtíðarsamninga, eða
- fjárvörslu og eignastýringu fyrir einstaklinga á safnreikningum, eða
- fjárfestingum, stjórnun og umsjón af fjármunaeignum fyrir aðra

Lögaðila telst stjórnað af annarri fjármálastofnun, sbr. lið 2 hér að framan, eða vera í umsjón annarrar fjármálastofnunar ef umsjónaraðilinn, beint eða óbeint, framkvæmir eða sér um þá starfsemi sem talin er upp hér að framan fyrir hönd lögaðilans. Ef umsjónaraðilinn hefur ekki umboð til að taka fjárfestingarákvarðanir fyrir lögaðilann skal litið svo á að umsjónaraðilinn sé ekki tilkynningarskyldur.

Þegar meta á hvort aðalstarfsemi felst í því að hafa umsjón með fjárfestingum annarra eða hvort brúttótekjur lögaðila teljast aðallega stafa frá fjárfestingum, endurfjárfestingum eða viðskiptum með fjármálagerninga skal horft til þess hvort helmingur brúttótekna stafi frá fjárfestingum o.þ.h. starfsemi. Miða skal við síðustu þrjú reikningsár eða frá því að starfsemi hófst sé um nýja starfsemi eða nýtt fyrirtæki að ræða sem ekki hefur verið í rekstri í þrjú ár.

Sjóðir sem aðallega fjárfesta beint í fasteignum teljast almennt ekki til fjárfestingaraðila samkvæmt reglugerðinni. Sé fjárfest óbeint í fasteignum fellur það aftur á móti undir hugtakið.

Lögaðilar sem alla jafna myndu falla undir hugtakið fjárfestingaraðili eru þó undanþegnir falli þeir undir eitthvert af eftirtöldu;

- starfsemin felst í að veita fjármálaþjónustu til eins eða fleiri dótturfélaga sem ekki teljast vera fjármálastofnanir skv. FATCA og reglugerðinni. Þessi undantekning á þó ekki við ef tilgangur fjárfestingarinnar er að eignast eða fjármagna félög í fjárfestingarskyni,
- lögaðilinn er nýstofnaður og leggur til fjármagn í annað félag í þeim tilgangi að reka annan aðila sem fjármálastofnun. Hér þarf fjárfestingin að eiga sér stað á fyrstu 24 starfsmánuðum fjárfestisins,
- lögaðilinn er að endurskipuleggja eignir sínar og hann hefur ekki starfað sem fjármálastofnun á síðustu fimm árum og kemur ekki til með að starfa sem slíkur eftir endurskipulagningu
- lögaðilinn sér um fjármögnun og áhættuvarnarviðskipti við eða fyrir tengda lögaðila sem ekki eru fjármálastofnanir, og veitir ekki fjármagni eða áhættuvarnarþjónustu í neinn lögaðila sem ekki er tengdur lögaðili að því tilskildu að hópur slíkra tengdra lögaðila fái aðallega við aðra starfsemi en starfsemi fjármálastofnana.

### **Dæmi 1: Fjárfestingaráðgjafi**

Rekstrarfélag verðbréfasjóðs skipuleggur og hefur umsjón með nokkrum sjóðum, þar með töldum sjóði A sem fjárfestir einkum í hlutabréfum. Rekstrarfélagið hefur gert samning við fjárfestingaráðgjafa, sem er lögaðili, um ráðgjöf og virka umsjón með hluta af hlutabréfaeign sjóðs A. Meira en 50% af heildartekjum ráðgjafafyrirtækisins síðustu þrjú ár stafa frá starfsemi sem þessari, þ.e. ráðgjöf og umsjón um hlutabréfafjárfestingar. Þar sem aðalstarfsemi ráðgjafafyrirtækisins felst í umsjón með fjármálagerningum fyrir viðskiptavinum sína telst ráðgjafafyrirtækið fjárfestingaraðili samkvæmt lið 1 hér að framan. Þannig er það

eingöngu sú fjárfestingarrekstrareining sem viðheldur fjárhagsreikningum sem ber skylda til að kanna hvort um bandaríska reikningseigendur sé að ræða og tilkynna um þá til ríkisskattstjóra.

### **Dæmi 2: Lögaðili sem er í umsjón fjármálastofnunar**

Sömu málsatvik og í dæmi 1 hér að framan. Að auki hafa meira en 50% af tekjum sjóðs A stafað frá fjárfestingum í fjármálagerningum á hverju ári síðan hann var stofnaður. Sjóður A telst vera fjárfestingaraðili samkvæmt lið 2 hér að framan af því að hann er í umsjón rekstrarfélags og ráðgjafafyrirtækis og tekjur sjóðsins stafa fyrst og fremst af fjárfestingum, endurfjárfestingum eða viðskiptum með fjármálagerninga.

### **Dæmi 3: Sjóðsstjórar**

Rekstrarfélag er fjárfestingaraðili skv. lið 1 hér að framan. Félagið setur á stofn og skráir sjóð A. Sjóðsstjórinn hefur heimild til að ákveða kaup og sölu á fjármálagerningum í eigu sjóðs A í samræmi við þá fjárfestingastefnu sem gildir fyrir sjóðinn. Á hverju ári frá stofnun sjóðsins hafa meira en 50% af tekjum sjóðsins stafað frá fjárfestingum, endurfjárfestingum eða viðskiptum með fjármálagerninga. Af því leiðir að sjóðurinn telst vera fjárfestingaraðili samkvæmt lið 2 hér að framan.

### **Dæmi 4: Fasteignasjóður sem er í umsjón fjármálastofnunar**

Sömu málsatvik og í dæmi 3 hér að framan að því undanskildu að eignir sjóðsins samanstanda eingöngu af beinum eignarhlutdeildum í fasteignum. Sjóður A er þá ekki fjárfestingaraðili samkvæmt lið 2 hér að framan þó svo að hann sé í umsjón rekstrarfélags. Ástæðan er sú að tekjur sjóðsins teljast ekki stafa af fjárfestingum, endurfjárfestingum eða viðskiptum með fjármálagerninga.

### **Dæmi 5: Miðlarar**

Einstaklingur B rekur starfsemi sem felst í ráðgjöf til viðskiptavina. Hann hefur umboð til að taka ákvarðanir um fjárfestingar fyrir hönd sinna viðskiptavina. B kaupir þjónustu af lögaðila sem sér um að útfæra og framkvæma einstök viðskipti fyrir viðskiptavini. B býður þjónustu sína sem ráðgjafi og miðlari til E sem er hlutafélag. Meira en 50% af tekjum E síðustu þrjú ár stafa af fjárfestingum, endurfjárfestingum eða viðskiptum með fjármálagerninga. Þar sem B er einstaklingur telst hann sjálfur ekki vera fjárfestingaraðili samkvæmt lið 1 hér að framan þó svo hann stundi starfsemi tengda fjárfestingum. Þá telst E hf. ekki heldur fjárfestingaraðili eftir lið 2 hér að framan þar sem E er í umsjón B sem er einstaklingur.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða og verðbréfasjóðir teljast ávallt vera fjárfestingaraðili skv. reglugerð 1240/2015 og FATCA. Þegar slíkir aðilar sækja um GIIN skráningu hjá IRS skal rekstrarfélagið skráð sem „sponsoring entity“ og verðbréfasjóðurinn sem „sponsored entity“. Þegar fjárfestingaaðilar sem þessir upplýsa ríkisskattstjóra um kaup í verðbréfasjóðum skal upplýsa um GIIN verðbréfasjóðsins og því mikilvægt að sjóðurinn sjálfur sé skráður sem „sponsored entity“.

Vakin er athygli á því að eignarhaldsfélög geta talist vera fjárfestingaraðilar ef skilyrði skilgreininganna eru uppfyllt.

Eignasafn (e. trust) sem er í umsjón íslensks aðila (e. trustee) telst vera íslenskt þó svo eignarnar séu erlendis. Í þessu felst að reglugerð 1240/2015 tekur til slíkra eignasafna og skoða þarf hvort að umsjónaraðilinn og eignasafnið geti talist vera fjárfestingaraðili skv. reglugerðinni. Í einhverjum tilfellum kann eignasafnið (e. trust) að teljast lögaðili í því ríki

sem safnið er stofnsett. Í þeim tilfellum ber að skila öllum upplýsingum til skattýfirvalda í stofnsetningarríkinu og upplýsingaskylda til ríkisskattstjóra fellur niður.

#### 2.3.4. Tilgreint váttryggingafélag

Líftryggingafélög og eignarhaldsfélög líftryggingafélaga teljast vera tilgreind váttryggingafélög þegar þau gefa út eða eru skuldbundin til að inna af hendi greiðslur vegna váttryggingasamninga að tilteknu peningavirði eða lífeyrissamninga.

Tilgreind váttryggingafélög teljast vera þeir aðilar

- sem sæta eftirliti sem váttryggingafélög í samræmi við lög um váttryggingastarfsemi, og
- sem hafa 50% eða meira af heildarbrúttótækjum síðasta árs af sölu trygginga, endurtrygginga og lífeyrissamninga, eða
- þar sem samanlagt verðmæti eigna síðasta árs sem tengjast tryggingum, endurtryggingum eða lífeyrissamningum er meira en 50% af heildareignum ársins

Líftryggingafélög teljast almennt uppfylla framangreind skilyrði. Lífeyrisfélög myndu almennt teljast vera undanþegin sem raunverulegur eigandi og þar með undanþegin tilkynningarskyldu. Váttryggingafélög sem eingöngu tryggja eignatjón og váttryggingamiðlarar teljast almennt ekki falla undir hugtakið tilgreint váttryggingafélag.

Eignarhlutir sem skráðir eru á viðskiptamannabók í tryggingafélagi leiða ekki til þess að váttryggingafélagið teljist vera vörslustofnun, innlánsstofnun eða fjárfestingarrekstrareining.

## 2.4. Undanþegnar fjármálastofnanir

### 2.4.1. Almennt

Í reglugerð 1240/2015 og FATCA samningnum er að finna upptalningu á þeim fjármálastofnunum sem eru undanþegnar upplýsingaskyldu. Fjármálastofnanir þurfa að hafa upplýsingar um hvaða stöðu þær hafa þar sem veita þarf upplýsingar um þá stöðu í viðskiptum við aðrar fjármálastofnanir. Vakin er athygli á því að undanþágurnar eru ekki þær sömu í FATCA samningnum annars vegar og reglugerðinni hins vegar.

### 2.4.2. Íslenska ríkið, opinberar stofnanir og lögaðilar að fullu í eigu hins opinbera

Íslenskir opinberir aðilar, þ.m.t. talið íslenska ríkið sjálft, sveitarfélög o.þ.h. eru alveg undanþegnir þeim skyldum sem reglugerð nr. 1240/2015 og FATCA samningurinn leggja á fjármálastofnanir að svo miklu leyti sem starfsemi þeirra er ekki á sviði innlána, fjáreignavörslu eða líftrygginga. Felist starfsemi opinbera aðilans í slíkri starfsemi fellur hann undir ákvæði reglugerðarinnar og ber skylda til að framkvæma áreiðanleikakönnun á erlendum viðskiptavinum sínum (þó ekki bandarískum aðilum) og upplýsa ríkisskattstjóra um þá aðila. Vakin er athygli á því að slíkur opinber aðili er undanþeginn samkvæmt FATCA samningnum og þarf því ekki að óska eftir GIIN, framkvæma áreiðanleikaleikakönnun samkvæmt samningnum o.s.frv.

Íslenskir opinberir aðilar eru undanþegnir sem raunverulegir eigendur (e. Exempt Beneficial Owner) samkvæmt FATCA.

Íslenskir opinberir aðilar sem uppfylla eitt eða fleiri skilyrði sem sett eru fyrir því að teljast undanþeginn fjármálastofnun hafa stöðuna „ekki tilkynningarskyld fjármálastofnun“ sbr. reglugerð 1240/2015. Aðrir opinberir aðilar fá stöðuna „virkur lögaðili sem er ekki

fjármálastofnun“ eða „óvirkur lögaðili sem er ekki fjármálastofnun“ sbr. skilgreiningar í 41., 42. og 43. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar.

#### 2.4.3. Seðlabanki Íslands og dótturfélög bankans

Seðlabanki Íslands og dótturfélög bankans sem eru að fullu í eigu hans eru undanþegin á þeirri forsendu að bankinn og dótturfélögin teljast ekki reka atvinnustarfsemi.

Vakin er athygli á því að Seðlabankinn og dótturfélög hans eru undanþegin samkvæmt FATCA samningnum og þurfa því ekki að óska eftir GIIN, framkvæma áreiðanleikaleikakönnun samkvæmt samningnum o.s.frv. Bankinn og dótturfélög hans eru undanþegin sem raunverulegir eigendur (e. Exempt Beneficial Owner) samkvæmt FATCA.

Seðlabankinn og dótturfélög hans teljast ekki vera tilkynningaskyldar fjármálastofnanir skv. reglugerð 1240/2015. Dótturfélögin hafa eftir atvikum stöðuna „virkur lögaðili sem er ekki fjármálastofnun“ eða „óvirkur lögaðili sem er ekki fjármálastofnun“ sbr. skilgreiningar í 41., 42. og 43. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar.

#### 2.4.4. Alþjóðastofnanir

Milliríkja- og alþjóðastofnanir eru undanþegnar að svo miklu leyti sem stofnunin:

- er sett á fót á grundvelli alþjóðasamnings
- nýtur úrlendisréttar
- aflar ekki tekna sem renna til einstaklinga á einn eða annan hátt.

Milliríkja- og alþjóðastofnanir eru eingöngu undanþegnar að svo miklu leyti sem þær reka ekki atvinnustarfsemi. Reki stofnanir atvinnustarfsemi eru þær þó undanþegnar sem raunverulegir eigendur samkvæmt FATCA samningnum.

Samkvæmt reglugerðinni teljast alþjóðastofnanir sem uppfylla skilyrðin í skilgreiningunni vera fjármálastofnanir sem eru ekki tilkynningaskyldar sbr. 11. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar.

#### 2.4.5. Lífeyrissjóðir

Lífeyrissjóðir eru undanþegnar fjármálastofnanir ef þeir falla undir lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Samkvæmt FATCA eru slíkir lífeyrissjóðir undanþegnir sem raunverulegir eigendur en samkvæmt reglugerðinni teljast þeir vera ekki tilkynnandi fjármálastofnun.

#### 2.4.6. Viðurkenndir kreditkortaútfendur

Kreditkortaútfendur teljast vera fjármálastofnanir þar sem korthafa geta haft fjármuni inni á kreditkortareikningum. Kortaútfemandinn telst vera innlánsstofnun í þeim tilfellum sem korthafi getur greitt inn á kortareikninginn hærri fjárhæð en sem nemur færslum á kortareikninginn.

Kreditkortaútfendur geta verið undanþegnir hafi þeir verklagsreglur sem annars vegar koma í veg fyrir að slíkar innlagnir nemi hærri fjárhæð en USD 50.000 eða hins vegar að hærri fjárhæðir verði endurgreiddar til korthafans.

Viðurkenndir kreditkortaútfendur, þ.e. þeir útfendur sem falla undir undanþáguna, teljast vera fjármálastofnanir sem ekki eru tilkynningaskyldar sbr. 16. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar.



Samkvæmt FATCA teljast slíkir útgefendur vera ekki tilkynningaskyld fjármálastofnun skv. q-lið 1. gr. FATCA samningsins sbr. D-lið II. viðauka við samninginn.

#### 2.4.7. Aðrir aðilar

Viðauki II við FATCA samning Íslands og Bandaríkjanna hefur að geyma fleiri undanþágur en hér hafa verið taldar upp og eru fjármálastofnanir hvattar til að kynna sér þær skilgreiningar. Þetta eru einkum fjármálastofnanir sem uppfylla reglufylgni um skattskyldu. Eftirfarandi fjármálastofnanir falla undir að vera fjármálastofnanir sem uppfylla skilyrði um skattskyldu enda falli þær undir að vera (sjá nánar III: í Viðauka II við FATCA samning Íslands og Bandaríkjanna):

- sjálfseignarstofnanir í almannabágu,
- tilteknir fjárfestingasjóðir eða sameiginleg fjárfestingarleið,
- litlar fjármálastofnanir með staðbundinn viðskiptamannahóp
- staðbundnir bankar
- staðbundnar lánastofnanir
- fjármálastofnanir með lítið umfang

Framangreindar fjármálastofnanir þurfa almennt ekki að skrá sig hjá bandarískum skattyfirvöldum og þurfa ekki að tilkynna um fjárhagsreikninga. Ef um er að ræða litlar fjármálastofnanir með staðbundinn viðskiptamannahóp ber þeim þó að:

- fylgjast með frá 30. nóvember 2014 að hve miklu leyti fjárhagsreikningar eru í eigu:
  - einstaklinga sem búsettir eru utan Íslands og eru bandarískir ríkisborgarar eða skattskyldir í Bandaríkjunum
  - lögaðila sem eru heimilisfastir í Bandaríkjunum
  - fjármálastofnana sem ekki eru þátttakendur í FATCA (e. NPPFI)
  - fjármálastofnana sem eru ekki tilkynningaskyldar með undanþegna raunverulega eigendur sem eru búsettir utan Íslands og eru bandarískir ríkisborgarar eða með skattalega heimilisfesti í Bandaríkjunum
- fylgjast með eftir 30. nóvember 2014 hvort nýir fjárhagsreikningar séu stofnaðir af aðilum sem taldir eru upp hér að framan

Ef fjárhagsreikningar finnast í eigu ofangreindra aðila skal fjármálastofnunin annað hvort loka reikningnum eða tilkynna reikninginn. Ef síðarnefndi kosturinn er valinn þarf fjármálastofnunin að gæta að því að:

- merkja og tilkynna reikninga með bandarískum reikningseigendum eða raunverulegan eiganda sem er búsettur eða heimilisfastur utan Íslands
- merkja og tilkynna bandaríska reikningseigendur eða raunverulega eigendur sem eru búsettir utan Íslands og kalla eftir bandarískri skattkennitölu
- veita upplýsingar um fjármálastofnanir sem eru ekki þátttakendur
- skrá sig hjá bandarískum skattyfirvöldum.

### 3. Fjárhagsreikningar

#### 3.1. Inngangur

Þær skyldur sem lagðar eru á fjármálastofnanir samkvæmt reglugerð 1240/2015 og FATCA samningnum tengjast allar svokölluðum fjárhagsreikningum eins og það hugtak er skilgreint í framangreindum heimildum.

Með hugtakinu fjárhagsreikningur er átt við reikning sem fjármálastofnun heldur utan um og skráir viðskipti viðskiptamanna sinna á. Hugtakið nær til;

- innlánsreikninga hvers kyns sem eru tilkynningaskyldir skv. 92. gr. tekjuskattslaga,
- hvers kyns verðbréfa og fjármálagerninga sem eru tilkynningaskyldir skv. 92. gr. tekjuskattslaga,
- eigna í verðbréfasjóðum og öðrum fjárfestingaeiningum sem upplýsa ber um skv. 92. gr. tekjuskattslaga að undanskildum hlutabréfum í félögum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði,
- váttryggingasamninga og lífeyrissamninga sbr. m.a. lög um váttryggingasamninga.

Hugtakið fjárhagsreikningur nær ekki til þeirra reikninga sem fjallað er um í kafla 3.7. hér á eftir og slíkir reikningar eru þar af leiðandi ekki tilkynningaskyldir. Meginreglan er að fjárhagsreikningi telst viðhaldið af þeirri fjármálastofnun sem

- er skylt að greiða út þá fjármuni sem eru á innlánsreikningum
- hefur umsjón með fjármálagerningum sem skráðir eru á reikninginn (þ.m.t. sú fjármálastofnun sem varðveitir eignir fyrir viðskiptamenn sína í eigin nafni)
- ber skylda til að greiða út fjármuni vegna váttrygginga- og líftryggingasamninga.

Í þeim tilvikum sem fjármálastofnunin, sem telst hafa umsjón fjárhagsreiknings samkvæmt reglugerðinni og FATCA, en hefur ekki allar nauðsynlegar upplýsingar til að framkvæma skyldubundna skoðun verður fjármálastofnunin að afla nauðsynlegra upplýsinga svo unnt sé að framkvæma skoðun.

Fjármálastofnun getur í einhverjum tilfellum talist hafa umsjón með fleiri en einni tegund fjárhagsreikninga. Sem dæmi má nefna verðbréfafyrirtæki sem er vörslustofnun bæði vegna innlánsreikninga og fjármálagerninga. Þá ber og að athuga að þó svo að lögaðili teljist vera fjármálastofnun er ekki víst að hann hafi umsjón með fjárhagsreikningum.

### 3.2. Innlánsreikningar

Til innlánsreikninga teljast hvers kyns hlaupa-, spari-, tékka- og aðrir innlánsreikningar sem fjármálastofnanir nota til viðtöku á fjármunum til ávöxtunar sem lið í almennri bankaþjónustu sbr. m.a. 1. tölul. 20. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Ennfremur teljast til innlánsreikninga reikningar sem tengdir eru greiðslukortum þar sem heimilt er að mynda inneign.

Til innlánsreikninga teljast einnig söfnunartryggingar þar sem váttryggingafélagið skuldbindur sig til að greiða eða færa til tekna vexti á höfuðstól tryggingarinnar.

Markaðsverðbréf sem ganga kaupum og sölum á skipulegum verðbréfamarkaði eða svokallaðir OTC (e. Over the Counter) afleiðusamningar teljast almennt ekki til innlánsreikninga en falla undir að vera eignaréttindi (e. Equity Interest).

### 3.3. Vörslureikningar

#### 3.3.1. Almennt

Ef fjármálastofnun hefur fjárhagsreikning eða fjármálaafurð í vörslu fyrir annan aðila fellur reikningurinn undir hugtakið vörslureikningur skv. reglugerðinni og FATCA.

#### 3.3.2. Hvaða fjármuni á að upplýsa um?

Almennt má segja að veita eigi upplýsingar um alla fjármálagerninga og bankaafurðir sem hægt er að varðveita á vörslureikningi. Þetta tekur m.a. til:

- hlutabréfa

- skuldabréfa, lánasamninga og annarra skuldaviðurkenninga
- gjaldmiðla- og hrávöruviðskipta
- skiptasamninga
- afleiðu- og valréttarviðskipti hvers kyns
- váttryggingasamninga og lífeyrissamninga

### 3.3.3. Hverjir falla undir hugtakið vörslustofnun?

Vörslureikningur telst vera til staðar þegar fjármálastofnun varðveitir og sér um fjáreignir viðskiptamanna sinna. Í þessu felst að verðbréfafyrirtæki sem eingöngu sjá um að taka á móti og miðla fyrir mælum frá viðskiptavinum sínum um fjármálagerninga sbr. 1. og 2. tölul. 1. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, teljast almennt ekki fara með vörslu reikninga í skilningi reglugerðarinnar og FATCA. Slík starfsemi felur almennt ekki í sér að um sé að ræða fjárhagsreikning í skilningi reglugerðarinnar og FATCA. Það er sú fjármálastofnun sem varðveitir eða stundar viðskipti með fjármálagerningana sem ber skyldu til að skoða og auðkenna bandaríska reikningseigendur og tilkynna um slíka reikninga til skattfirvalda.

#### **Dæmi 1:**

Verðbréfafyrirtæki hefur reikning hjá Verðbréfasráningu Íslands í nafni viðskiptavinarins. Verðbréfafyrirtækið heldur ekki sjálf utan um eignir á reikningnum en hefur umsjón með reikningnum fyrir fjárfestinn. Verðbréfafyrirtækið getur í samráði við fjárfestinn veitt öðru verðbréfafyrirtæki umboð til að bókfæra eignirnar og hreyfinga á verðbréfareikningnum. Það verðbréfafyrirtæki sem er í beinu sambandi við fjárfestinn telst vera vörslustofnun og ber ábyrgð á kanna hvort fjárfestirinn er bandarískur skattaðili skv. FATCA eða er tilkynningarskyldur aðili skv. reglugerðinni.

#### **Dæmi 2:**

Verðbréfafyrirtæki notar íslenskan vörsluaðila til að geyma sænsk verðbréf sem eru í eigu viðskiptavinar verðbréfafyrirtækisins. Í sænsku verðbréfasráningunni er íslenski vörsluaðilinn skráður sem eigandi, hjá vörsluaðilanum er það verðbréfafyrirtækið sem er skráður eigandi og hjá verðbréfafyrirtækinu er fjárfestirinn skráður sem eigandi. Í tilviki sem þessu skal íslenski vörsluaðilinn fara með verðbréfafyrirtækið sem sinn viðskiptavin og eiganda að verðbréfunum, en verðbréfafyrirtækið skal meðhöndla fjárfestinn og raunverulega eigandann sem reikningshafa hjá sér. Hér er það verðbréfafyrirtækið sem telst vörsluaðili samkvæmt FATCA og reglugerðinni. Ef gengið er út frá því að allar fjármálastofnanirnar í dæminu uppfylli FATCA eða reglugerðina er það eingöngu verðbréfafyrirtækið sem tilkynnir um reikninginn til skattfirvalda.

#### **Dæmi 3:**

Verðbréfafyrirtæki sér um viðskipti fyrir fjárfesti sem varðveitir sín verðbréf hjá öðru verðbréfafyrirtæki eða miðlara. Verðbréfafyrirtækið sem sér um viðskiptin „sækir“ seld verðbréf til annars verðbréfafyrirtækis/miðlara og „skilar“ þangað keyptum verðbréfum. Það er sá aðili sem heldur utan um og varðveitir verðbréfin sem skal auðkenna fjárfestinn og tilkynna um reikninginn til skattfirvalda. Sá sem sér um viðskiptin sjálf telst ekki vera vörsluaðili skv. FATCA og reglugerðinni en þarf að veita nauðsynlegar upplýsingar um viðskiptin til þess aðila sem er tilkynningarskyldur svo unnt sé að senda allar nauðsynlegar upplýsingar.

### *3.4. Eignarhlutdeild*

Þrátt fyrir að verðbréfafyrirtæki falli undir hugtakið fjárfestingaraðili samkvæmt reglugerðinni og FATCA felur það ekki í sér að eignarréttindi í verðbréfafyrirtækinu falli undir hugtakið fjárhagsreikningur samkvæmt framangreindum heimildum.

Eignarréttindi teljast eingöngu vera fjárhagsreikningar hjá þeim aðilum sem teljast til fjárfestingaraðila þegar:

- brúttótekjur aðilans eiga rætur að rekja til fjárfestinga, endurfjárfestinga eða viðskipta með fjármunaeignir og aðilanum er stjórnað af fjármálastofnun þ.m.t. fjárfestingaaðila eða
- aðilinn telst til sameiginlegra fjárfestingarleiða, þ.m.t. fjárfestingasjóður, verðbréfasjóður eða svipaður fjárfestingaaðili sem rekinn er samkvæmt fjárfestingastefnu og fjárfestir, endurfjárfestir í eða á í viðskiptum með fjármuneignir.

Skilgreining á hugtakinu eignarréttindi samkvæmt reglugerðinni og FATCA felur einnig í sér eignarhlutdeild í sameignarfélagum og sjóðum. Ef sameignarfélag telst vera fjármálastofnun samkvæmt reglugerðinni og FATCA felur hugtakið í sér hlutdeildina í sameignafélaginu. Ef fjárvörslusjóður telst vera fjármálastofnun samkvæmt reglugerðinni og FATCA telst hver sá sem setti sjóðinn á stofn, stjórnar honum, eða á rétt til úthlutunar úr honum, eiga eignarréttindi í sjóðnum.

### *3.5. Lífeyrissamningar*

Með lífeyrissamningum er átt við samninga þar sem útgefandinn fellst á að inna af hendi greiðslur á tilteknu tímabili, sem er ákveðið í heild eða að hluta með vísan til lífslíka eins eða fleiri einstaklinga. Hugtakið tekur einnig til samninga sem teljast lífeyrissamningar samkvæmt lögum, reglum og venjum þess lands sem samningur er gefinn út í ef í þeim er kveðið á um að útgefandinn fallist á að inna af hendi greiðslur yfir tímabil sem nær yfir fleiri ár.

### *3.6. Vátryggingasamningar að tilteknu peningavirði*

Hugtakið vátryggingasamningar að tilteknu peningavirði samkvæmt FATCA og reglugerðinni felur í sér vátryggingasamning þar sem útgefandinn fellst á að greiða út fjárhæð þegar tiltekið og ófyrirséð atvik á sér stað sem hefur í för með sér dauðsfall, sjúkdómsástand, slys, bótaábyrgð eða hugsanlegt fjárhagstjón.

Endurtryggingasamningar milli tveggja vátryggingafélaga falla ekki undir hugtakið.

### *3.7. Reikningar sem teljast ekki fjárhagsreikningar*

#### *3.7.1. Almenn*

Bæði reglugerðin og FATCA samningurinn hafa að geyma víðtækar skilgreiningar á því hvað fellur undir tilkynningaskyldu. Einstaka fjármálaafurðir eru undanþegnar einkum vegna þess að þær eru ekki ætlaðar erlendum aðilum. Tilteknir reikningar eru að fullu undanþegnir á meðan aðrir eru undanþegnir að hluta. Ekki er nauðsynlegt að framkvæma áreiðanleikakannanir á þeim reikningum sem eru alveg undanþegnir.

#### *3.7.2. Reikningar í eigu dánarbúa*

Hafi fjármálastofnun upplýsingar, t.d. dánarvottorð eða afrit af beiðni um skipti á dánarbúi, um að fjárhagsreikningur tilheyri dánarbúi þarf ekki að ganga úr skugga um hvort reikningseigandinn sé erlendur skattaðili eða skattskyldur í Bandaríkjunum að öðru leyti. Slíka reikninga þarf þannig ekki að auðkenna.

### 3.7.3. Tilteknir geymslureikningar

Hugtakið fjárhagsreikningur samkvæmt reglugerðinni og FATCA nær ekki til reikninga þar sem reikningshafinn er milliliður, t.d. lögmaður eða fasteignasali, að því gefnu að milliliðurinn sé ekki fjármálastofnun og að reikningurinn standi til tryggingar:

- niðurstöðu í dómsmáli
- sölu, leigu eða skiptum á fasteignum eða lausafé að því gefnu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
  - að inni á reikningnum standi eingöngu nægir fjármunir til að tryggja kröfu tengda viðskiptunum
  - að reikningurinn verði eingöngu notaður til tryggingar kröfu kaupanda eða seljanda fasteignar eða í leiguviðskiptum til að tryggja skemmdir á hinu leigða
  - að fjármunirnir á reikningnum að viðbættum vöxtum verði notaðir til yfirfærslu til kaupanda, seljanda, leigusala eða leigutaka í tengslum við kaup, sölu, skipti eða aðra yfirfærslu á fasteign eða lausafé
  - að ekki sé gefið út kreditkort sem hægt er að nota í tengslum við reikninginn.

Stofni lögmaður reikning í nafni umbjóðanda síns ber fjármálastofnunum að líta á umbjóðandann sem reikningshafa í skilningi reglugerðarinnar og FATCA þrátt fyrir að lögmaðurinn hafi heimild til að ráðstafa fjármunum af reikningnum.

### 3.7.4. Undanskildar fjármálaafurðir

Eftirtaldar fjármálaafurðir falla ekki undir hugtakið fjárhagsreikningur samkvæmt reglugerðinni og FATCA:

- Lífeyrissparnaður samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem veitir rétt til frádráttar skv. 4. og 5. tölul. A-liðar 30. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt
- Aðrir sparireikningar sem fylgja skattfríðindi og háðir eru útgreiðslu að tilteknum skilyrðum uppfylltum,
- Tilteknir líftryggingasamningar

### 3.7.5. Óvirkir reikningar

Óvirkir reikningar eru undanþegnir að því tilskyldu að fjárhæðir þeirra hafi ekki verið hærrí en USD 1.000 þann 31. desember 2015.

Reikningur telst vera óvirkur þegar reikningshafinn hefur ekki hreyft við reikningnum síðastliðin þrjú ár og hefur heldur ekki verið í sambandi við fjármálastofnunina síðustu sex ár. Hafi reikningshafinn verið í sambandi við fjármálastofnunina, hvort sem er vegna ætlaðs óvirks reiknings eða annars reiknings telst reikningurinn ekki óvirkur.

Hafi reikningshafi óvirks reiknings samband síðar við viðkomandi fjármálastofnun eða tekur umræddan reikning í notkun telst reikningurinn ekki lengur óvirkur og fjármálastofnunin þarf þannig að framkvæma áreiðanleikakönnun á því tímamarki.

## 4. Um reikningshafa og raunverulega eigendur

### 4.1. Reikningshafi

Reikningshafi telst vera sá sem er skráður eða þekktur sem eigandi eða yferráðamaður þess fjárhagsreiknings sem fjármálastofnunin heldur utan um.

Undir hugtakið falla:

- innstæðueigendur eða þeir sem ráða yfir innstæðureikningi,
- þeir sem fjárfesta í fjármálagerningum og fjármálaafurðum,
- váttryggingatakar, váttryggingaþegar og aðrir rétthafar til greiðslna úr váttryggingum,
- eigendur, framseljendur og viðtakendur inneigna í verðbréfasjóðum eða öðrum fjárfestingaaðilum.

4.1.1. Reikningar sem reikningshafi er skráður fyrir, fyrir hönd annarra

Ef aðili sem ekki telst vera fjármálastofnun samkvæmt reglugerðinni eða FATCA fer með fjárhagsreikning fyrir hönd annars aðila sem umboðsmaður, vörsluaðili, prókúruhafi eða þess háttar skal fyrrnefndi aðilinn ekki talinn vera reikningshafi heldur sá sem er raunverulegur eigandi.

Ef fjármálastofnun fer með fjárhagsreikning fyrir annan aðila skal fjármálastofnunin teljast vera reikningshafi. Meginreglan er sú að raunverulegir undirliggjandi eigendur myndu teljast vera með reikning hjá þeirri fjármálastofnun sem teldist vera reikningshafi.

#### *4.2. Raunverulegir eigendur*

Þegar reikningshafi er félag eða lögaðili sem aðallega fær eignatekjur (e. passive income) þarf að kanna hvar raunverulegir eigendur félagsins eða lögaðilans eru skattalega heimilisfastir og hvort þeir séu bandarískir ríkisborgarar. Í þessu sambandi skiptir ekki máli hvort reikningshafinn sé heimilisfastur á Íslandi eða ekki. Skyldan til að auðkenna og veita upplýsingar um raunverulega eigendur sem eru skattalega heimilisfastir í Bandaríkjunum gildir frá 1. desember 2014 og fyrir önnur ríki frá 1. janúar 2016. Tilkynningarskyldan er óháð því hvort félagið eða lögaðilinn sem er reikningshafi sé heimilisfastur á Íslandi eða ekki.

Raunverulegir eigendur eru þeir einstaklingar sem eiga eða stjórna lögaðilanum sem er reikningshafi. Hér skal leggja til grundvallar þá hugtaksskilgreiningu á raunverulegum eigendum sem er í lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 64/2006.

#### *4.3. Hvar teljast einstaklingar skattalega heimilisfastir?*

Einstaklingar teljast vera skattalega heimilisfastir í því ríki sem þeir bera skattskyldu vegna búsetu, lögheimilis o.þ.h.

Bandarískir ríkisborgarar eru skattskyldir í Bandaríkjunum á grundvelli ríkisborgararéttarins og af þeim sökum þarf að kanna hvort reikningshafar séu bandarískir ríkisborgarar.

OECD hefur safnað saman upplýsingum um skattskyldu í hinum ýmsum ríkjum sem skoða má [hér](#).

#### *4.4. Hvar teljast lögaðilar skattalega heimilisfastir?*

Lögaðilar teljast almennt skattalega heimilisfastir í því ríki sem þeir eru stofnaðir og skráðir í. Lögaðilar sem teljast ekki skattskyldir í neinu ríki skulu teljast heimilisfastir í því ríki þar sem höfuðstöðvar lögaðilans eru.

#### *4.5. Yfirlit yfir stöðu reikningshafa skv. reglugerð 1240/2015 og FATCA*

##### *4.5.1. Inngangur*

Skilgreining á reikningshöfum skv. reglugerð 1240/2015 annars vegar og FATCA hins vegar hefur þýðingu þegar ákvarða á hvaða upplýsinga fjármálastofnanir eigi að afla og veita um



hvar raunverulegir eigendur eru skattalega heimilisfastir og hvaða reglur gilda um greiðslur til fjármálastofnana sem ekki eru þátttakendur í FATCA.

Vakin er athygli á því að skilgreining og staða lögaðila þarf ekki að vera sú sama skv. FATCA annars vegar og reglugerðinni hins vegar.

Gerður er greinarmunur á þeim lögaðilum sem teljast vera fjármálastofnanir annars vegar og aðrir lögaðilar hins vegar. Skilgreiningin á fjármálastofnun er í öllum meginatriðum sú sama fyrir FATCA og reglugerðina en það er munur á því hverjir teljast vera undanþegnir.

Lögaðilar sem ekki teljast vera fjármálastofnanir skipast svo aftur í tvennt allt eftir því hvort að þeir afli að meginstofni til óvirkra eða virkra tekna (e. passive or active income).

Bandarísk skattfyrivöld hafa útbúið sérstakt eyðublað þar sem lögaðilar sem ekki eru bandarískir aðilar eiga að gefa upp FATCA stöðu sína. Eyðublaðinu fylgja leiðbeiningar sem veita nánari upplýsingar um FATCA skilgreiningarnar. Athygli er vakin á því að ríkisskattstjóri getur ekki veitt leiðbeiningar um útfyllingu eyðublaðsins eða ráðlagt hvaða stöðu lögaðilar hafa samkvæmt FATCA.

OECD hefur einnig útbúið [eyðublað](#) sem fjármálastofnanir geta nýtt við upplýsingasöfnun frá lögaðilum.

#### 4.5.2. Fjármálastofnanir

Þeir lögaðilar teljast vera fjármálastofnanir sem falla undir þá skilgreiningu í FATCA samningnum og reglugerðinni.

Fjármálastofnanir sem eru heimilisfastar í ríki sem hefur gert FATCA samning við Bandarísk yfirvöld skulu skrá sig hjá IRS og fá svokallað GIIN (e. Global Intermediary Identification Number) nema þær séu undanþegnar frá FATCA. Fjármálastofnanir sem eru undanþegnar teljast vera ekki tilkynningaskyldar. Fjármálastofnanir sem ekki eru tilkynningaskyldar geta svo fallið í undirflokkka meðal annars sem undanþegnir raunverulegir eigendur (e. Exempt Beneficial Owner) eða fjármálastofnanir sem uppfylla reglufylgni um skattskyldu (e. Deemed Compliant Financial Institution). Fjármálastofnanir sem ekki eru skráðar hjá IRS vegna þess að þær hafa ekki uppfyllt FATCA reglurnar fá stöðuna fjármálastofnun sem ekki er þátttakandi (e. Nonparticipating Financial Institution).

Lögaðilar sem eru heimilisfastir í ríki sem ekki hefur gert FATCA samning við Bandaríkin teljast þrátt fyrir það vera erlend fjármálastofnun skv. FATCA lögunum. Slíkar fjármálastofnanir teljast ekki vera þátttakendur (e. Nonparticipating Financial Institution) nema einhver af undanþágunum í bandarísku FATCA lögunum eigi við þær þannig að þær teljist vera ekki tilkynningaskyldar.

Fjármálastofnanir sem teljast vera þátttakendur skv. reglugerðinni ef þær eru heimilisfastar í ríkjum sem talin eru upp á lista sem fylgir reglugerðinni.

Ef lögaðili er heimilisfastur í ríki sem ekki hefur innleitt CRS fær hann ekki stöðu sem fjármálastofnun samkvæmt staðlinum þar sem sú staða skal skilgreinast í innanlandsrétti þess ríkis sem aðilinn er heimilisfastur í.

#### 4.5.3. Virkir og óvirkir lögaðilar

Ef reikningshafi telst ekki vera fjármálastofnun þarf að flokka hann sem annað hvort virkan eða óvirkan aðila. Teljist aðilinn vera óvirkur þarf að afla upplýsinga um hvar raunverulegir eigendur aðilans eru heimilisfastir. Reikningshafi telst vera óvirkur ef hann uppfyllir ekki þau skilyrði sem sett eru í skilgreiningunni um virka lögaðila.

Lögaðili telst virkur skv. FATCA og reglugerðinni þegar eitthvert af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- minna en 50% af brúttótekjum lögaðilans síðasta rekstrarárs teljast vera óvirkar og minna en 50% af eignum lögaðilans á síðasta rekstrarári teljast vera óvirkar eignir,
- viðskipti með hlutabréf í lögaðilinum fara fram reglulega og á viðurkenndum verðbréfamarkaði eða lögaðilinn er tengdur lögaðila þar sem viðskipti með hlutabréf í lögaðilanum fara fram reglulega á viðurkenndum verðbréfamarkaði,
- lögaðilinn er opinber aðili, stjórnvald, alþjóðastofnun, seðlabanki o.þ.h.
- starfsemi lögaðilans felst í því að veita fjármálaþjónustu til eins eða fleiri dótturfélaga sem ekki teljast vera fjármálastofnanir,
- lögaðilinn hefur nýhafið starfsemi en fjárfestir á fyrstu 24 mánuðum í eignum með það að markmiði að stunda aðra starfsemi en fjármálaþjónustu,
- verið er að endurskipuleggja lögaðilann eða skipta eignum hans upp svo unnt sé að halda rekstri áfram. Reksturinn má ekki felast í rekstri fjármálastofnunar og lögaðilinn má ekki hafa verið fjármálastofnun fimm ár á undan endurskipulagningu eða skiptingu eigna,
- lögaðilinn fæst fyrst og fremst við fjármögnun og áhættuvarnarviðskipti við eða fyrir tengda lögaðila sem ekki eru fjármálastofnanir, og veitir ekki fjármagni eða þjónustu til neinna annarra aðila en tengdra aðila,
- lögaðilinn er góðgerðarstofnun, trúarstofnun o.þ.h. og
  - er undanþeginn tekjuskatti í heimaríki sínu
  - óheimilt er að úthluta til annarra málefna en kveðið er á um í stofnskjölum og samþykktum. Hið sama á við ef aðilanum er slitið.

Samkvæmt FATCA samningnum eru svo eftirfarandi viðbótarskilyrði sett fyrir því að lögaðili geti talist vera virkur:

- reikningshafinn er stofnsettur á ytra landsvæði Bandaríkjanna og allir eigendur viðkomandi viðtakanda greiðslu eru raunverulega heimilisfastir á ytra landsvæði Bandaríkjanna,
- reikningshafinn er stjórnvald (annað en bandarískt stjórnvald), sjálfstætt umdæmi slíks stjórnvalds, opinber aðili sem fer með verkefni slíks stjórnvalds, stjórnvald á ytra landsvæði Bandaríkjanna, alþjóðastofnun, seðlabanki sem ekki er bandarískur eða lögaðili sem er alfarið í eigu framangreinds aðila.

Með skipulegum verðbréfamarkaði er átt við opinberlega viðurkenndan og eftirlitsskyldan markað þar sem viðskipti með verðbréf fara fram.

Lögaðili sem fellur undir eitthvert af ofangreindu hefur stöðuna virkur lögaðili (e. Active NFE) skv. reglugerðinni og virkur erlendum lögaðili sem er ekki fjármálastofnun (e. Active NFFE) skv. FATCA. Lögaðili sem ekki fellur undir ofangreint hefur stöðunar óvirkur lögaðili (e. Passive NFE) skv. reglugerðinni og óvirkur erlendum lögaðili sem er ekki fjármálastofnun (e. Passive NFFE) skv. FATCA.



Óvirkar tekjur teljast vera arður og aðrar tekjur sem teljast vera tekjur af hlutareign, vextir, leiga, þóknanir nema leiga og þóknanir stafi af raunverulegri atvinnustarfsemi, söluhagnaður af hvers konar fjármálaafurðum, gengishagnaður o.þ.h.

#### 4.5.4. Tilteknir lögaðilar sem eru heimilisfastir í ríki sem hefur ekki innleitt CRS

Í einstaka tilfellum hvílir skylda á íslenskum tilkynningaskyldum fjármálastofnunum að afla upplýsinga um skattalega heimilisfesti raunverulegra eigenda. Þetta á við um erlenda fjárvörslusjóði og aðra lögaðila sem teljast vera fjármálastofnun skv. reglugerð 1240/2015 en sem ekki tilkynna um CRS upplýsingar til skattyfirvalda í sínu heimaríki þar sem heimaríkið hefur ekki gengist undir og innleitt OECD staðal um upplýsingaskipti (e. CRS).

Ofangreint á við þegar reikningshafinn er lögaðili sem einkum hefur tekjur af fjárfestingum, endurfjárfestingum eða af viðskiptum með fjármálagerninga, og er undir stjórn annarrar fjármálastofnunar. Í þessum tilfellum skal afla yfirlýsinga frá reikningshafanum sem bera skal með sér hvar raunverulegir eigendur eru skattalega heimilisfastir.

Vakin er athygli á því að þessi skylda nær ekki til reikningshafa sem búsettir eru í þeim ríkjum sem talin eru upp í fylgiskjali með reglugerð 1240/2015. Listi þessi mun taka breytingum eftir því sem fleiri ríki taka staðalinn upp.

#### 4.6. Lögaðilar sem hafa skattalega heimilisfesti í ríki sem er undanþegið CRS og FATCA

Ef reikningshafi er búsettur í öðru ríki en Íslandi skal veita CRS/FATCA upplýsingar til ríkisskattstjóra samkvæmt tilgreindri forskrift sem birt er á <https://www.rsk.is/fagadilar/hugbunadarhus/framtalsgogn/>. Þetta á þó ekki við ef reikningshafinn er:

- lögaðili og viðskipti með hlutabréf í honum fara fram á skipulegum verðbréfamarkaði. Hið sama á við ef reikningshafinn er tengdur slíkum lögaðila
- erlendur opinber aðili (hér undir falla erlend sendiráð)
- alþjóðastofnun
- seðlabanki
- heimilisfastur í Bandaríkjunum og er
  - stofnun sem er undanþegin skattskyldu í Bandaríkjunum, eða
  - bandarískur banki, eða
  - fjárvörslusjóður fyrir fasteignafjárfestingar, eða
  - eftirlitsskylt fjárfestingarfélag eða lögaðili sem skráður er hjá bandaríska fjármálaeftirlitinu, eða
  - fjárvörslusjóður sem er undanþeginn skattskyldu í Bandaríkjunum eða er góðgerðarsjóður, eða
  - skráður verðbréfamiðlari.

Bandarískir aðilar sem ekki eru undanþegnir hafa FATCA stöðuna tilgreindur bandarískur aðili.

## 5. Áreiðanleikakönnun á fjárhagsreikningum sem eru í eigu einstaklinga

### 5.1. Inngangur

Fjármálastofnunum er skylt að auðkenna reikningshafa og raunverulega eigendur sem eru með skattalega heimilisfesti fyrir utan Ísland eða eru bandarískir ríkisborgarar.

Reikningshafar sem eru ekki þátttakandi fjármálastofnanir eins og skilgreint er í FATCA skulu einnig auðkenndir.

Það gilda mismunandi reglur um áreiðanleikakannanir á fjárhagsreikningum allt eftir því hvort um sé að ræða nýja eða eldri reikninga. Vakin er athygli á því að mismunandi reglur gilda um hvað telst vera nýr reikningur samkvæmt FATCA annars vegar og reglugerðinni hins vegar.

Reglur um auðkenningu reikningshafa og raunverulegra eigenda sem eru skattalega heimilisfastir í Bandaríkjunum eða eru bandarískir ríkisborgarar gilda frá 30. nóvember 2014 en fyrir reikningshafa sem eru skattalega heimilisfastir í öðrum ríkjum gilda reglurnar frá 1. janúar 2016.

Reikningar í eigu dánarbúa teljast vera einstaklingsreikningar. Ef reikningshafar eru fleiri en einn ber að beita þeim reglum sem gilda um áreiðanleikakönnun á einstaklingsreikningum fyrir alla reikningshafa þó svo einhverjir þeirra séu lögaðilar.

Þegar fjármálastofnanir gera áreiðanleikakannanir er nauðsynlegt að kalla eftir yfirlýsingum frá reikningshöfum.

Ef reikningshafinn er einstaklingur er yfirlýsingin notuð til að:

- auðkenna reikningshafa sem eru bandarískir ríkisborgarar eða eru skattalega heimilisfastir erlendis þegar nýir reikningar eru opnaðir,
- afsanna að reikningshafi sé bandarískur ríkisborgari eða skattalega heimilisfastur í öðru ríki en Íslandi búsettur í Bandaríkjunum komi í ljós vísbending um erlend tengsl á reikningi sem stofnaður er fyrir 30. nóvember 2014 vegna FATCA eða 1. janúar 2016 vegna reglugerðarinnar
- fá upplýsingar um erlenda skattkennitölu þegar reikningshafinn er skattalega heimilisfastur utan Íslands eða bandarískur ríkisborgari.

Liggi fyrir upplýsingar sem gefa til kynna að yfirlýsing reikningshafa sé röng eða villandi má fjármálastofnunin ekki byggja á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Fjármálastofnuninni er þá nauðsynlegt að gera frekari rannsóknir á högum reikningshafans.

## 5.2. Nýir fjárhagsreikningar

Þegar nýr fjárhagsreikningur er stofnaður hjá íslenskri tilkynningarskyldri fjármálastofnun skal fjármálastofnunin afla yfirlýsingar frá reikningshafa *áður* en reikningurinn er opnaður. Á grundvelli yfirlýsingarinnar skal fjármálastofnunin taka ákvörðun um hvar reikningshafinn er skattalega heimilisfastur og hvort hann sé bandarískur ríkisborgari.

Yfirlýsingarinnar skal aflað *áður* en reikningur er opnaður fyrir reikningshafa. Sé yfirlýsingar ekki aflað eða neiti væntanlegur viðskiptavinur að upplýsa fjármálastofnunina um skattalega stöðu sína og önnur atriði sem máli skipta ber fjármálastofnuninni að synja um opnun reiknings. Fjármálastofnun ræður sjálf á hvaða formi (skrifleg, rafræn eða munnleg) hún óskar eftir yfirlýsingum frá reikningshöfum en yfirlýsingin þarf að vera skjalfest.

### Dæmi 1:

Einstaklingur hringir í fjármálastofnun og óskar eftir að opna nýjan reikning. Þjónustufulltrúi fjármálastofnunarinnar spyr: „Getur þú staðfest að þú ert ekki með skattalega heimilisfesti í öðru ríki en Íslandi og að þú ert ekki bandarískur ríkisborgari?“ Einstaklingurinn staðfestir að

svo sé ekki og upplýsingarnar eru skráðar í kerfi fjármálastofnunarinnar. Eftir samtalið sendir fjármálastofnunin viðkomandi einstaklingi staðfestingu á því að reikningurinn hafi verið opnaður og hvernig spurningum um tengsl við erlend ríki hafi verið svarað. Viðskiptavinurinn á að hafa samband við fjármálastofnunina innan ákveðins tíma ef upplýsingarnar eru ekki réttar. Einnig getur fjármálastofnunin geymt upptöku af samtalinu í stað þess að skrasetja upplýsingar viðskiptavinarins eftir símtalið.

### **Dæmi 2:**

Einstaklingur opnar fjárhagsreikning á heimasíðu fjármálastofnunar. Í þeim tilvikum nægir að óska eftir því að viðskiptavinurinn merki við hvort hann sé skattalega heimilisfastur utan Íslands, bandarískur ríkisborgari eða að hann sé hvorki bandarískur ríkisborgari né skattalega heimilisfastur utan Íslands.

### **Dæmi 3.**

Einstaklingur fyllir út eyðublað þegar fjárhagsreikningur er opnaður hjá fjármálastofnun. Nægilegt er að viðskiptavinurinn sé beðinn um að merkja við að hann sé hvorki bandarískur ríkisborgari né skattalega heimilisfastur utan Íslands og/eða að merkt sé við að hann sé bandarískur ríkisborgari eða skattalega heimilisfastur utan Íslands. Þá þarf undirritun á eyðublaðið að bera með sér að viðskiptavinurinn staðfesti að hann sé hvorki bandarískur ríkisborgari né skattalega heimilisfastur utan Íslands.

Fjármálastofnunin skal bera þær upplýsingar skattalega stöðu sem settar eru fram á yfirlýsingum saman við aðrar fyrirliggjandi upplýsingar sem fram koma í yfirlýsingunni meðal annars með tilliti til upplýsinga sem aflað er í samræmi við reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Þetta mat má fara fram eftir að reikningurinn hefur verið opnaður. Komi í ljós að upplýsingar séu misvísandi skal afla nýrrar yfirlýsingar frá reikningshafanum eða fá hjá honum skýringar á misræminu. Tilkynningaskyldar fjármálastofnanir hafa 90 daga til að afla nýrra gagna.

Sem dæmi um misvísandi upplýsingar má nefna þegar heimilisfang reikningshafans er tiltekið í öðru ríki en þar sem reikningshafinn segist vera með skattalega heimilisfesti.

Þegar fjármálastofnun hefur mótttekið yfirlýsingu frá reikningshafa er almennt ekki þörf á að skoða reikninginn aftur. Komi aftur á móti í ljós síðar að aðstæður hjá reikningshafa hafi breyst eða fjármálastofnun fær vitneskju um að upplýsingar á yfirlýsingunni séu ekki lengur réttar þarf að kalla eftir nýjum upplýsingum.

Fjármálastofnun getur þannig ekki lagt til grundvallar yfirlýsingu sem hún veit eða má vita að hafi að geyma rangar upplýsingar. Í slíkum tilfellum skal afla nýrrar yfirlýsingar. Þegar slíkar upplýsingar liggja fyrir hefur fjármálastofnunin 90 daga til að auðkenna reikninginn aftur.

Á fjármálastofnanir eru því lagðar þær skyldur að þær hafi verkferla til að fanga þær breytingar sem geta orðið á högum reikningshafa og þær fá vitneskju um. Þessu til viðbótar hafa reikningshafar þær skyldur að upplýsa fjármálastofnanir verði breytingar á högum þeirra sem leiða svo til þess að upplýsingar á yfirlýsingum eru ekki lengur réttar. Fjármálastofnanir þurfa þannig að leggja þær skyldur á herðar reikningshafa að þeir upplýsi um slíkar breytingar.

Geti fjármálastofnun ekki fengið nýjar upplýsingar innan 90 daga skal fara með reikningshafann sem hann sé skattalega heimilisfastur/bandarískur ríkisborgari í báðum þeim ríkjum sem upphaflega var gefið upp á yfirlýsingu og því ríki sem nýjar upplýsingar bendi til að hann sé nú heimilisfastur í. Hafi reikningur verið stofnaður en síðar kemur í ljós að rangar upplýsingar hafi verið gefnar við stofnun reiknings skal loka reikningnum sé ekki unnt að afla nýrrar yfirlýsingar innan 90 daga.

### 5.3. Eldri reikningar

#### 5.3.1. Breyttar aðstæður

Þegar skoðun á eldri reikningi hefur farið fram þarf almennt ekki að skoða hann aftur. Þetta á þó ekki við fái fjármálastofnun upplýsingar sem leiða til þess að ekki sé hægt að styðjast við þær upplýsingar sem ákvörðun um flokkun reiknings var byggð á. Í þeim tilvikum hefur fjármálastofnunin 90 daga til að afla nýrra upplýsinga og auðkenna reikninginn upp á nýtt.

Fjármálastofnanir þurf að hafa verkferla um hvernig fylgst skuli með breytingum á upplýsingum um reikningshafa sem veita vísbendingar um hvar reikningshafi sé skattalega heimilisfastur eða hvort hann sé bandarískur ríkisborgari.

#### 5.3.2. Lögaðilareikningar að verðmæti USD 250.000 eða meira

Lögaðilareikningar sem eru að lægra verðmæti en USD 250.000 þann 30. nóvember 2014 / 31. desember 2015 þarf ekki að skoða. Fari eldri reikningar yfir þetta fjárhæðarmark síðar í árslok skal auðkenna reikninginn samkvæmt þeim reglum sem gilda um lögaðilareikninga innan 12 mánaða. Þegar fjárhæðarmörkin eru skoðuð skal leggja saman jákvæða stöðu allra reikninga sem viðkomandi reikningshafi á hjá fjármálastofnuninni.

Hafi fjármálastofnunin skoðað og auðkennt lögaðilareikning áður en verðmæti hans fór yfir USD 250.000 þarf almennt ekki að skoða reikninginn aftur.

#### 5.3.3. Reikningur sem er að hærra verðmæti en USD 1.000.000 í árslok

Mismunandi reglur gilda um skoðun á einstaklingsreikningum allt eftir því hvort staða reiknings sé yfir eða undir USD 1.000.000 í lok tekjuárs. Sé staðan á reikningnum undir þessum fjárhæðarmörkum er nægjanlegt að framkvæma rafræna leit. Ítarlegar skoðunar er þörf ef staðan er yfir þessum mörkum.

Hafi reikningur sætt skoðun sem reikningur að lægra verðmæti (undir mörkunum) þarf ítarlegri skoðun að fara fram ef verðmæti reikningsins fer yfir mörkin. Hafi fjármálastofnun gagnabanka sem hægt er að leita rafrænt í að þeim ábendingum sem við eiga er heimilt að ítarleg skoðun fari fram á þann hátt. Sé svo ekki þarf að skoða upplýsingarnar handvirkt. Slíkri skoðun skal lokið innan sex mánaða frá lokum þess árs sem verðmætið fór yfir mörkin.

Leitað skal að vísbendingum í upplýsingum sem geymdar eru um reikningshafa í gagnabönkum fjármálastofnana. Hafi þær upplýsingar sem leita á að ekki verið geymdar í gagnabönkum þarf að skoða eftirfarandi pappírsgögn:

- vottorð/skjöl
  - vottorð um búsetu gefið út af þar til bærum stjórnvöldum um hvar einstaklingur er búsettur
  - gilt vegabréf, eða önnur opinber skilríki gefin út af þar til bærum stjórnvöldum
  - opinbert vottorð gefið út af þar til bæru stjórnvaldi í því ríki sem lögaðili er stofnsettur eða skráður og sem hefur að geyma nafn og heimilisfang lögaðila
  - endurskoðaða ársreikninga, greiðslumöt, beiðnir um gjaldþrotaskipti o.fl.

- samninga eða önnur gögn sem lágu fyrir við opnun reiknings
- skjöl og upplýsinga sem aflað er samkvæmt lögum 64/2006, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, eða samkvæmt öðrum lögum
- umboðsskjöl
- skjöl sem hafa að geyma föst fyrirmæli um yfirfærslu á fjármunum.

#### 5.3.4. Árleg skoðun á óskráðum reikningum

Finni fjármálastofnun eingöngu varðveislupóstfang eða berist til pósthafnar við rafræna leit og engin önnur gögn gefa vísbendingar um heimilisfang eða skattalega heimilisfesti reikningshafa er reikningurinn flokkaður sem óskráður reikningur. Fari verðmæti slíks reiknings yfir USD 1.000.000 í lok tekjuárs skal reikningurinn skoðaður árlega.

#### 5.3.5. Árleg skoðun á reikningum sem þjónustufulltrúar hafa umsjón með

Sé reikningur að hærri verðmæti í umsjón þjónustufulltrúa skal yfirfara reikninginn árlega. Til viðbótar við þær vísbendingar sem skylt er að leita eftir skal fjármálastofnun sjá til þess að þjónustufulltrúi hafi upplýsingar um hvar reikningseigandi sé skattalega heimilisfastur og hvort hann sé bandarískur ríkisborgari.

Með þjónustufulltrúa er átt við aðila hjá fjármálastofnun sem hefur umsjón með tilteknum reikningshöfum, veitir ráðgjöf um fjárfestingar og reikninga ásamt því að bjóða fram fjármálaþjónustu eða aðra aðstoð.

#### 5.3.6. Heildarendurskoðun reikninga sem stofnaðir voru 30. nóvember 2014 eða fyrr (**FATCA**)

Eins og áður hefur komið fram gildir FATCA samningur Íslands og Bandaríkjanna frá og með 30. nóvember 2014. Allir reikningar sem opnaðir voru fyrir þann tíma teljast vera eldri reikningar samkvæmt FATCA. Reikningar sem opnaðir eru eftir þann tíma teljast vera nýir reikningar.

Tilkynningaskyldum fjármálastofnunum samkvæmt FATCA ber að að skoða og auðkenna alla reikninga sem til voru fyrir 30. nóvember 2014 til að finna þá reikningseigendur sem eru skattalega heimilisfastir í Bandaríkjunum eða bandarískir ríkisborgarar. Hið sama á við um reikninga sem eru í eigu reikningseigenda sem ekki eru þátttakandi fjármálastofnanir (e. NFFE) eins og það hugtak er skilgreint í FATCA samningi Íslands og Bandaríkjanna.

Endurskoðun einstaklingsreikninga að hærri verðmæti sem til voru fyrir 30. nóvember 2014 bar að vera lokið fyrir 30. nóvember 2015. Skoðun annarra eldri einstaklingsreikninga skal lokið fyrir 30. nóvember 2016.

Samkvæmt FATCA samningnum eru ákveðnar undantekningar á framanrituðu. Fjármálastofnanir geta valið að skoða ekki:

- einstaklingsreikninga sem voru að lægra verðmæti en USD 50.000 þann 30. nóvember 2014
- váttryggingasamninga að tilteknu peningavirði sem voru að lægra verðmæti en USD 250.000 þann 30. nóvember 2014 enda sé reikningshafi einstaklingur
- váttryggingasamningar að tilteknu peningaverði
- lögaðilareikninga sem voru að lægra verðmæti en USD 250.000 þann 30. nóvember 2014.

#### 5.3.7. Heildarendurskoðun reikninga sem stofnaðir voru 31. desember 2015 eða fyrr (**CRS**)

Reglugerð 1240/2015 tók gildi 1. janúar 2016. Allir reikningar sem eru opnaðir eða stofnsettir 31. desember 2015 eða fyrr teljast vera eldri reikningar í skilningi reglugerðarinnar. Reikningar sem eru stofnaðir 1. janúar 2016 eða fyrr teljast vera nýir reikningar.

Tilkynningarskyldum fjármálastofnunum skv. reglugerðinni ber að skoða og auðkenna alla reikninga sem til voru 31. desember 2015 eða fyrr til að finna þá reikningseigendur sem eru skattalega heimilisfastir utan Íslands og Bandaríkjanna.

Yfirferð eldri einstaklingsreikninga að hærra verðmæti skal vera lokið 31. desember 2016. Yfirferð annarra eldri einstaklingsreikninga og eldri lögaðilareikninga skal lokið fyrir 31. desember 2017.

Samkvæmt reglugerðinni gilda ákveðnar undantekningar frá framanrituðu. Fjármálastofnanir geta valið að skoða ekki eldri lögaðilareikninga sem voru að lægra verðmæti en USD 250.000 í lok árs 2015. Fari verðmæti slíks reiknings yfir USD 250.000 í lok síðari ára skal yfirfara reikninginn.

#### *5.4. Afleiðingar þess að finna erlenda reikningshafa og erlenda raunverulega eigendur*

Komi í ljós við yfirferð fjármálastofnunar að reikningshafar séu skattalega heimilisfastir utan Íslands eða með bandarískan ríkisborgararétt skal fjármálastofnunin kalla eftir erlendri skattkennitölu (e. Tax Identification Number – TIN). Þá skal reikningurinn og reikningshafinn auðkenndur með landakóða þess ríkis sem hann er skattalega heimilisfastur í eða með US sé reikningshafinn bandarískur ríkisborgari. Óskráðir reikningar skulu sérstaklega auðkenndir.

Ef reikningshafi er óvirkur skal fjármálastofnunin tilgreina hvar hann er skattalega heimilisfastur og kalla eftir erlendri skattkennitölu fyrir alla raunverulega eigendur sem eru skattalega heimilisfastir í öðru ríki en Íslandi.

Um reikningshafa sem eru ekki þátttakendur í FATCA gilda sérstakar reglur sem varða greiðslur til þeirra.

#### *5.5. Öflun erlendra skattkennitala*

Tilkynningaskyldar fjármálastofnanir skulu afla erlendra skattkennitalna þegar reikningshafi eða raunverulegur eigandi er skattalega heimilisfastur utan Íslands eða er bandarískur ríkisborgari. Þetta hefur í för með sér að fjármálastofnanir þurfa að óska upplýsinga um skattkennitölur hjá reikningshöfum og raunverulegum eigendum. Þessi skylda á eingöngu við þegar heimilisfestarríki reikningshafa eða raunverulegs eiganda gefur út skattkennitölur. Engin skylda hvílir á tilkynningaskyldum fjármálastofnunum að hafa samband við erlend skattyfirvöld til að afla þessara upplýsingar eða til að staðreyna þær skattkennitölur sem upplýst er um. OECD hefur útbúið [vefsíðu](#) þar sem fram koma upplýsingar um hvaða reglur gilda um skattkennitölur erlendra ríkja og hvaða reglur gilda um skattskyldu.

Vegna eldri reikninga samkvæmt FATCA er fresturinn til að afla bandarískra skattkennitalna og fæðingardags til 1. janúar 2017.

Fjármálastofnanir skulu gera það sem í þeirra valdi til að afla upplýsinga um erlendar skattkennitölur frá reikningshöfum og raunverulegum eigendum. Í því felst að hafa verður samband við þessa aðila og óska eftir upplýsingum um skattkennitölu og fæðingardag að

minnsta kosti tvisvar sinnum og reglulega eftir það sinni reikningshafi eða raunverulegir eigendur ekki beiðnum fjármálastofnunarinnar.

### *5.6. Skjölun og varðveisluskýlda*

Tilkynningaskyldar fjármálastofnanir skulu varðveita þau gögn sem lögð eru til grundvallar auðkenningu reikningshafa. Fjármálastofnanir geta aldrei byggt á gögnum sem þau hafa vitneskju um eða mega vita að séu röng eða ótrúverðug. Geyma skal gögnin í fimm ár eftir lok þess árs sem staða reikningshafa var ákvörðuð. Þá skal fjármálastofnun geyma upplýsingar um á hvaða gögnum auðkenning reikningshafa var byggð ásamt upplýsingum um hvaða dag reikningurinn var auðkenndur.

Yfirlýsingar reikningshafa skulu vera skjalfestar og undirritaðar og vera varðveittar með þeim gögnum sem staðfesta auðkenningu reikningshafans. Varðveislan má vera rafræn.

### *5.7. Samlagning verðmæta fleiri reikninga*

Tilkynningaskyldar fjármálastofnanir skulu leggja saman jákvæða stöðu allra reikninga sem eru í eigu sama reikningshafa. Í þessu sambandi skal einnig leggja saman jákvæða stöðu reikninga sem eru í tengdum fjármálastofnunum svo framarlega sem slíkt er tæknilega mögulegt.

## **6. Auðkenning nýrra einstaklingsreikninga**

### *6.1. Inngangur*

Þegar reikningshafi er einstaklingur skulu tilkynningaskyldar fjármálastofnanir auðkenna reikningshafa og reikninga með því ríki þar sem reikningshafinn er skattalega heimilisfastur í eða með US sé reikningshafinn bandarískur ríkisborgari. Auðkenningin á rætur að rekja til þeirra upplýsinga sem fram koma á yfirlýsingum frá reikningshöfum sem skylt er að afla þegar nýir reikningar eru stofnaðir eins og fram hefur komið.

### *6.2. Auðkenning og yfirlýsing reikningshafa*

Yfirlýsing reikningshafa skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

- nafn og heimilisfang reikningshafa
- fæðingardag og erlenda skattkennitölu reikningshafa
- það ríki þar sem reikningshafi er skattskyldur
- það hvort að reikningshafi sé bandarískur ríkisborgari

Þær fjármálastofnanir sem falla undir lög nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka þurfa að framkvæma áreiðanleikakönnun viðskiptamanna sinna við upphaf viðskiptasambanda. Auðkenning samkvæmt FATCA og reglugerð 1240/2015 fellur að hluta til saman við slíka áreiðanleikakönnun en til viðbótar við þær upplýsingar sem afla þarf samkvæmt lögum 64/2006 þarf að afla upplýsinga um það ríki þar sem reikningshafi er skattalega heimilisfastur og hvort að reikningshafi sé bandarískur ríkisborgari.

Í yfirlýsingu reikningshafa skal reikningshafi sjálfur upplýsa hvar hann sé skattalega heimilisfastur. Reglur um heimilisfesti og skattskyldu eru misjafnar eftir ríkjum og því ekki hægt að veita tæmandi leiðbeiningar um þær hér. Meginreglan er þó sú að reikningshafi myndi hafa skattalega heimilisfesti í því ríki þar sem hann telur allar sínar tekjur fram og greiðir skatt í. Sé reikningshafi í vafa um hvar það sé verður hann að fá upplýsingar um það frá viðkomandi ríki til að fá staðfestingu á skattskyldu sinni. Vakin er athygli á að reikningshafi getur verið skattalega heimilisfastur í fleiru en einu ríki. OECD hefur tekið



saman til upplýsinga gögn um skattskyldu í hinum ýmsu ríkjum. Upplýsingarnar eru aðgengilegar [hér](#).

Sé reikningshafi skattalega heimilisfastur í öðru ríki en Íslandi eða sé hann bandarískur ríkisborgari skal afla upplýsinga um erlenda skattkennitölu nema heimilisfestarríki gefi ekki út slíkar kennitölur.

Í yfirlýsingunni verður reikningshafinn að skuldbinda sig til að upplýsa fjármálastofnunina um þær breytingar sem kunni að verða á högum hans og tengjast skattskyldu t.d. ef hann flytur á milli ríkja.

Yfirlýsing reikningshafa verður að vera undirrituð eða staðfest og dagsett svo hún hafi gildi og hægt sé að byggja á henni. Reikningshafi eða raunverulegur eigandi verður að rita undir hana. Ef reikningshafi er ólögráða einstaklingur gilda sömu reglur, þ.e. heimilt er að sá sem fari með forræði slíkra einstaklinga riti undir og staðfesti yfirlýsingu.

### *6.3. Nýjar upplýsingar*

Fjármálastofnanir þurfa að hafa í gildi verklagsreglur til að vakta mögulegar breytingar sem geta orðið á högum reikningshafa. Yfirlýsing reikningshafa heldur gildi sínu þar til fjármálastofnunin hefur fengið vitneskju um breyttar forsendur sem áhrif geta haft á þá auðkenningu sem reikningshafi hefur fengið. Ekki er lögð skylda á fjármálastofnanir að yfirfara yfirlýsingarnar með vissu millibili eða staðfesta þær upplýsingar sem fram koma í þeim. Fáir fjármálastofnun vitneskju um forsendur sem áhrif geta haft á auðkenningu reikningshafa hefur stofnunin 90 daga til að staðfesta fyrri yfirlýsingu eða afla nýrrar.

## **7. Auðkenning eldri einstaklingsreikninga**

### *7.1. Inngangur*

Vegna eldri reikninga skulu fjármálastofnanir framkvæma leit í gagnasöfnum sínum. Leita skal eftir ákveðnum vísbendingum sem gefa tilefni til að álykta að reikningshafinn sé skattalega heimilisfastur utan Íslands eða bandarískur ríkisborgari. Fjármálastofnanir geta valið um að afla yfirlýsinga frá reikningshöfum í stað þess að framkvæma leit í gagnasöfnum sínum.

### *7.2. Ákvörðun um skattalega heimilisfesti á grundvelli upplýsinga um heimilisfang*

Tilkynningaskyldar fjármálastofnanir geta framkvæmt leit að erlendum heimilisföngum í skráum sínum til að finna út hvaða reikningshafar það eru sem mögulega eru skattalega heimilisfastir erlendis eða bandarískir ríkisborgarar. Hafi fjármálastofnun gögn um að reikningshafi sé búsettur erlendis t.d. vottorð frá þar til bæru stjórnvaldi, er heimilt að ganga út frá því að viðkomandi reikningshafi sé skattalega heimilisfastur í því ríki. Þetta er eingöngu heimilt hafi fjármálastofnun skjalfestar upplýsingar um heimilisfang reikningshafans. Með öðrum orðum má ekki eingöngu leggja staðhæfingar reikningshafa til grundvallar ákvörðun sem þessari.

„Berist til heimilisfang“ er ekki unnt að leggja til grundvallar ofanrituðu. Þá er ekki hægt að leggja til grundvallar heimilisfang hafi póstur til reikningshafa verið endursendur fjármálastofnuninni. Á hinn bóginn er hægt að leggja heimilisfang til grundvallar auðkenningu þó svo að reikningurinn teljist vera óvirkur. Reikningur telst vera óvirkur hafi



reikningshafi ekki látið framkvæma eða framkvæmt neinar færslur á reikningnum í þrjú ár og ekki verið í sambandi við fjármálastofnunina í sex ár.

Gögn sem leggja má til grundvallar heimilisfangi eru annað hvort vegabréf sem er í gildi eða annað opinbert skilríki gefið út af þar til bærum stjórnvöldum eða búsetuvottorð útgefið af þar til bærum stjórnvöldum. Sé sama heimilisfang á framangreindum gögnum og í gagnasafni fjármálastofnunarinnar má leggja það til grundvallar.

Sé ekki unnt að auðkenna reikningshafa á grundvelli upplýsinga um heimilisfang verður fjármálastofnunin að framkvæma frekari leit að vísbendingum.

### *7.3. Leit að vísbendingum*

#### 7.3.1. Almennt

Fjármálastofnanir skulu leita að vísbendingum um:

- hvort reikningshafi sé búsettur utan Íslands
- erlent heimilisfang (búsetuheimilisfang, pósthólf og c/o eða bt. heimilisfang),
- erlent símanúmer, einnig erlent símanúmer til viðbótar við íslenskt símanúmer
- gildandi fyrirmæli um reglulegar yfirfærslur á erlendan reikninga
- hvort umboð eða prókúra hafi verið veitt einstaklingi með erlent heimilisfang.

Finni fjármálastofnun einhverjar ofangreindra vísbendinga skal reikningshafinn auðkenndur með landakóða þess ríkis sem vísbendingin tekur til. Komi ekki fram vísbendingar í rafrænni leit þarf fjármálastofnunin ekki að viðhafast neitt frekar nema breytingar verði á högum reikningshafa og nýjar upplýsingar komi fram. Fari verðmæti reiknings yfir USD 1.000.000 þarf að auðkenna og skoða reikning að nýju.

#### 7.3.2. Sérstök leit að bandarískum vísbendingum

Svo unnt sé að ákvarða hvort að reikningshafi sé skattalega heimilisfastur í Bandaríkjunum eða sé bandarískur ríkisborgari skal til viðbótar við ofangreindar vísbendingar leita að upplýsingum um:

- hvort reikningshafi sé bandarískur ríkisborgari
- bandarísku símanúmeri
- gildandi fyrirmæli um reglulegar yfirfærslur á bandarískan reikning
- hvort umboð eða prókúra hafi verið veitt einstaklingi með bandarískt heimilisfang.

### *7.4. Reikningar með hærra verðmæti en USD 1.000.000*

Gerðar eru kröfur um að fjármálastofnanir skrái rafrænt upplýsingar um reikninga sem eru að verðmæti USD 1.000.000 eða meira. Þetta þýðir að gagnagrunnar fjármálastofnana verða að geyma eftirfarandi upplýsingar og að hægt sé að leita að upplýsingunum:

- þjóðerni reikningshafa eða búsetuland
- heimilis- og/eða pósthólf reikningshafa
- símanúmer reikningshafa
- gildandi fyrirmæli um yfirfærslu fjármuna á annan/aðra reikninga (þ.m.t. reikninga í öðrum útibúum sem fjármálastofnunin kann að reka),
- „berist til“ eða c/o heimilis- og/eða pósthólf
- umboð og prókúra fyrir reikninginn

Hafi rafrænir gagnagrunnar fjármálastofnana ekki allar þessar upplýsingar þarf að leita í fyrirliggjandi pappírgögnum. Ekki er nauðsynlegt að framkvæma pappírslit ef upplýsingarnar eru fyrirliggjandi með rafrænum hætti.

Pappírslit skal ná til eftirfarandi skjala:

- Viðskiptamannaskrár
- Eftirfarandi skjala sem tilheyra fjárhagsreikningnum og eru ekki í viðskiptamannaskránni
  - nýjustu skriflegra gagna sem safnað hefur verið og tengjast reikningnum
  - nýjasta samnings um opnun reiknings eða nýjustu gögn
  - nýjustu gagna sem fjármálastofnunin hefur aflað í samræmi við verklagsreglur til að sporna gegn peningþvætti (e. Anti Money Laundering Procedures og e. Know Your Customer Rules AML/KYC) eða í öðru eftirlitsskygni
  - nýjustu gagna um umboð eða prókúru
  - skjala sem tengjast gildandi fyrirmælum um yfirfærslu fjármuna

### *7.5. Reikningar í umsjón þjónustufulltrúa*

Til viðbótar við rafræna leit og pappírslit á reikningnum að herra verðmæti verða fjármálastofnanir að afla upplýsinga frá þjónustufulltrúum (e. Relationship Manager) til að athuga hvort að þeir búi yfir upplýsingum sem veita vísbendingar um erlend tengsl.

#### **Dæmi:**

Þjónustufulltrúa, sem fengið hefur upplýsingar um að reikningshafinn hafi nýtt heimilisfang í erlendu ríki, ber að fara með slíkar upplýsingar sem breytingar á aðstæðum reikningshafans. Þjónustufulltrúinn ber þannig ábyrgð á að fjárhagsreikningurinn og reikningshafinn verði merktir viðkomandi ríki.

## **8. Auðkenning nýrra lögaðilareikninga**

### *8.1. Inngangur*

Frá og með 1. janúar 2016 þurfa tilkynningaskyldar fjármálastofnanir að auðkenna þá lögaðilareikninga sem eru í eigu reikningshafa sem eru skattalega heimilisfastir utan Íslands. Sé reikningshafinn óvirkur þarf einnig að auðkenna raunverulega eigendur og hvar þeir eru skattalega heimilisfastir. Skylda til að auðkenna bandaríska reikningshafa hefur verið í gildi frá 30. nóvember 2014.

Vegna lögaðilareikninga þarf ekki eingöngu að auðkenna reikningshafa með landakóða þess ríkis sem þeir eru skattalega heimilisfastir í heldur þarf einnig að ákvarða hvaða CRS og FATCA stöðu reikningshafarnir hafa.

### *8.2. Hvernig á að ákvarða hvar nýr reikningshafi er skattalega heimilisfastur?*

Fjármálastofnanir skulu afla yfirlýsinga frá reikningshöfum sem ber með sér í hvaða ríki reikningshafinn er skattalega heimilisfastur. Yfirlýsingin skal vera undirrituð eða staðfest af einstaklingi sem hefur prókúruumboð eða heimild til að undirrita fyrir hönd reikningshafa. Yfirlýsingin þarf að hafa upplýsingar um eftirfarandi:

- nafn og heimilisfang reikningshafa
- skráningarnúmer
- ríki þar sem reikningshafinn er skattalega heimilisfastur
- erlenda skattkennitölu
- upplýsingar um CRS/FATCA stöðu reikningshafa- sjá nánar síðar.

Yfirlýsingin þarf einnig að kveða á um skyldu reikningshafa til að upplýsa fjármálastofnunina um allar breytingar sem verða á ofangreindum upplýsingum.

Lögaðili getur verið skattalega heimilisfastur í fleiri en einu ríki og fer það eftir innanlandsríki í hverju ríki fyrir sig hvernig reglum um skattskyldu og heimilisfesti er háttað. Leiki vafi á því hvar lögaðili sé skattalega heimilisfastur ber honum að afla staðfestingar frá skattýfirvöldum í viðkomandi ríkjum og leggja fram til stuðnings yfirlýsingu sinni.

### *8.3. CRS / FATCA staða reikningshafa*

Eins og rakið hefur verið þarf fjármálastofnun að afla yfirlýsingar frá reikningshafa svo unnt sé að auðkenna reikninginn og reikningshafa rétt. Yfirlýsingin þarf einnig að bera með sér hvaða stöðu reikningshafinn hafi samkvæmt reglugerðinni og FATCA samningnum. Í eftirfarandi tilfellum þarf reikningshafinn þó ekki að gefa upp stöðu sína samkvæmt CRS/FATCA:

- þegar reikningshafi er heimilisfastur í ríki sem hefur gengist undir og innleitt CRS og er skráður með GIIN hjá bandarískum skattýfirvöldum. Í þessum tilfellum er reikningshafinn fjármálastofnun
- þegar hægt er að ákvarða út frá fyrirliggjandi upplýsingum að reikningshafi teljist vera virkur aðili skv. skilgreiningum í reglugerðinni og FATCA samningnum.

Fjármálastofnanir þurfa að meta hvort þær upplýsingar sem fram koma á yfirlýsingum frá reikningshöfum séu þess eðlis að unnt sé að byggja á þeim. Slíkt mat má fara fram eftir að reikningur hefur verið opnaður. Komist fjármálastofnun að því að ekki sé hægt að byggja á upplýsingunum skal aflað skýringa og frekari gagna til stuðnings því sem fram er sett í yfirlýsingunni. Hafi slíkar skýringar og gögn ekki borist innan 90 daga skal reikningnum lokað. Sem dæmi um upplýsingar sem ekki er unnt að byggja á má nefna þegar heimilisfang á yfirlýsingu reikningshafa er í öðru ríki en því sem reikningshafi segist vera skattalega heimilisfastur í. Sama á við þegar upplýsingum sem aflað er vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka stangast á við þær upplýsingar sem aflað er vegna FATCA og reglugerðarinnar.

### *8.4. Ákvörðun um skattalega heimilisfesti raunverulegra eigenda*

Þegar reikningshafi er annað hvort óvirkur aðili skv. reglugerðinni eða FATCA samningnum eða lögaðili með heimilisfesti í landi sem ekki hefur undirgengist OECD staðalinn (e. CRS ) ber fjármálastofnunum að safna upplýsingum um hvar raunverulegir eigendur eru skattalega heimilisfastir og hvort þeir séu bandarískir ríkisborgarar. Upplýsinganna á að afla á sama hátt og lýst hefur verið, þ.e. með yfirlýsingum frá raunverulegum eigendum og skulu yfirlýsingar þessar innihalda sömu upplýsingar og fyrir reikningshafa.

Ekki þarf að afla upplýsinga um hvort raunverulegir eigendur séu skattalega heimilisfastir í Bandaríkjunum eða bandarískir ríkisborgarar þegar reikningshafi er:

- skattalega heimilisfastur í ríki sem hefur ekki innleitt CRS
- stofnsettur á ytri landsvæðum Bandaríkjanna og allir eigendur eru raunverulega búsettir á ytri landvæðum Bandaríkjanna
- ekki bandarískur opinber aðili, opinber aðili á ytri landsvæðum Bandaríkjanna, alþjóðastofnun eða seðlabanki sem er ekki bandarískur.

Hugtakið raunverulegur eigandi ber að túlka til samræmis við lög nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

## 9. Auðkenning eldri lögaðilareikninga

### 9.1. Ákvörðun um skattalega heimilisfesti reikningshafa eldri reikninga

Tilkynningaskyldar fjármálastofnanir þurfa að yfirfara fyrirbyggjandi upplýsingar til að auðkenna hvar reikningshafar sem eiga eldri reikninga eru skattalega heimilisfastir.

Veiti fyrirbyggjandi upplýsingar vísbendingu um að reikningshafi sé stofnsettur eða skráður erlendis, eða hafi heimilisfang utan Íslands eru líkur á því að hann sé skattalega heimilisfastur erlendis. Slíka reikningshafa og reikninga skal auðkenna með landakóða þess ríkis sem við á.

### 9.2. CRS / FATCA staða reikningshafa eldri reiknings

Svo unnt sé að ákvarða hvort að reikningshafi sé fjármálastofnun eða ekki þurfa tilkynningaskyldar fjármálastofnanir skoða fyrirbyggjandi upplýsingar til að geta ákvarðað stöðuna. Sé þetta ekki unnt á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga verður fjármálastofnunin að kalla eftir yfirlýsingu frá reikningshafa.

### 9.3. Ákvörðun um skattalega heimilisfesti raunverulegra eigenda

Tilkynningaskyldar fjármálastofnanir skulu afla yfirlýsinga frá raunverulegum eigendum eða reikningshöfum sem sýni hvar raunverulegir eigendur eru skattalega heimilisfastir eða hvort þeir séu bandarískir ríkisborgarar. Þetta á við í þeim tilvikum þegar reikningshafi er:

- óvirkur aðili samkvæmt skilgreiningum reglugerðar 1240/2015 eða FATCA samningnum
- lögaðili í ríki sem ekki hefur innleitt OECD staðalinn (e. CRS).

Upplýsinganna ber að afla á sama hátt og lýst hefur verið, þ.e. með yfirlýsingu frá raunverulegum eigendum og skulu yfirlýsingar þessar innihalda sömu upplýsingar og fyrir reikningshafa.

Ekki þarf að afla upplýsinga um hvort raunverulegir eigendur séu skattalega heimilisfastir í Bandaríkjunum eða bandarískir ríkisborgarar þegar reikningshafi er:

- skattalega heimilisfastur í ríki sem hefur ekki innleitt CRS
- stofnsettur á ytri landsvæðum Bandaríkjanna og allir eigendur eru raunverulega búsettir á ytri landvæðum Bandaríkjanna
- ekki bandarískur opinber aðili, opinber aðili á ytri landsvæðum Bandaríkjanna, alþjóðastofnun eða seðlabanki sem er ekki bandarískur.

Hugtakið raunverulegur eigandi ber að túlka til samræmis við lög nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

## 10. Sérstök tilvik

### 10.1. Reikningshafi opnar marga reikninga

Opni reikningshafi, sem nú þegar hefur reikning, nýjan reikning hjá fjármálastofnun er ekki nauðsynlegt að kanna stöðu reikningshafans aftur þegar:

- eldri reikningur hefur verið skoðaður eða verður skoðaður innan þess frests sem gefinn er í þeim tilgangi að auðkenna erlenda reikningshafa,
- fjármálastofnunin leggur saman verðmæti þeirra reikninga sem reikningshafi á til að meta hvort farið sé yfir þær viðmiðunarfjárhæðir sem gilda,

- nýjar upplýsingar eru fyrirliggjandi sem notaðar verða til auðkenningar á öllum reikningum viðkomandi reikningshafa.

Sama á við um reikningshafa sem nú þegar hafa reikning í annarri fjármálastofnun sem er tengd þeirri fjármálastofnun sem hin nýi reikningur er stofnaður í. Í þessu sambandi teljast fjármálastofnanir vera tengdar ef önnur stofnunin stjórnar hinni, eða ef báðar fjármálastofnanirnar eru undir sameiginlegri stjórn, annað hvort beint eða óbeint með 50% eða stærri eignaraðild hvort sem um ræðir að verðgildi eða fjölda atkvæða.

### *10.2. Einn reikningur margir reikningshafar*

Þegar fleiri en einn reikningshafi eru skráðir fyrir fjárhagsreikningi skal verðmæti reikningsins eða staða hans teljast hverjum og einum reikningshafa til eignar þegar metið er hvort verðmæti reiknings fari yfir þau viðmiðunarmörk sem í gildi eru. Hið sama á við þegar um fleiri en einn fjárhagsreikning er að ræða.

#### **Dæmi:**

Reikningur er að verðmæti USD 100.000 og er í sameiginlegri eigu tveggja reikningshafa. Annar af þeim er bandarískur aðili. Öll fjárhæðin skal þá teljast sem eign bandaríska aðilans þegar reikningurinn er skoðaður, metinn og upplýsingar veittar um hann. Séu báðir reikningshafar bandarískir aðilar skal tilkynna um USD 100.000 verðmæti hjá hvorum fyrir sig.

### *10.3. Yfirfærsla og sameining reikninga*

Þegar fjármálastofnun tekur yfir fjárhagsreikninga vegna samruna eða á grundvelli annarrar yfirtöku getur sú fjármálastofnun reitt sig á fyrri skoðun á reikningum, að því gefnu að farið hafi verið eftir gildandi reglum þegar skoðun var framkvæmd.

Fjármálastofnunin sem yfirtekur getur þannig tekið handahófskenndar þrúfur til að kanna hvort fyrri skoðanir hafi verið í lagi. Vakni grunur hjá fjármálastofnunin sem yfirtekur reikninga um að fyrri skoðun hafi ekki verið áreiðanleg þarf að fara yfir alla reikninga aftur. Nýjar upplýsingar sem stangast á við eldri upplýsingar og yfirlýsingar leiða ávallt til þess að skoða þarf reikninginn nánar.

Ef tilkynningaskyldar íslenskar fjármálastofnanir eru sameinaðar skal senda upplýsingar til ríkisskattstjóra í tvennu lagi, þ.e. fyrir og eftir sameiningu.

### *10.4. Heimild þriðja aðila til að framkvæma skoðanir á reikningum*

Fjármálastofnunum er heimilt að kaupa þjónustu frá þriðja aðila til að framkvæma nauðsynlegar skoðanir á fjárhagsreikningum í þeim tilgangi að finna og auðkenna erlenda reikningshafa. Hafa ber í huga að slíkt leysir þó ekki fjármálastofnunina undan þeirri ábyrgð sem á henni hvílir.

### *10.5. Tengdir aðilar*

Séu aðstæður þannig að tilkynningaskyld íslensk fjármálastofnun sé tengd annarri fjármálastofnun sem ekki er þátttakandi í FATCA verður tilkynningaskylda íslenska fjármálastofnunin að meðhöndla hina tengdu stofnun sem ekki þátttakandi fjármálastofnun að FATCA og tilkynna um greiðslur til hennar.

Í þessu samhengi teljast tengsl vera til staðar þegar öðrum aðilanum er stjórnað af hinum, eða ef báðir eru undir sömu stjórn þriðja lögaðilans. Með stjórn í þessu samhengi er átt við beina eða óbeina 50 % eignaraðild hvort sem um ræðir að verðgildi eða fjölda atkvæða.

#### *10.6. Umreikningur á gjaldmiðlum*

Allar viðmiðunarfrjárhæðir FATCA samningsins og reglugerðar 1240/2015 eru í bandarískum dollurum. Þegar frjárhagsreikningur er í öðrum gjaldmiðli þarf að umreikna verðmæti hans eða stöðu yfir í bandaríska dollara. Við umreikning skal nota lokagengi viðkomandi árs eins og það er skráð hjá Seðlabanka Íslands.

#### *10.7. Samantekt á verðmæti frjárhagsreikninga og viðmiðunarfrjárhæðir*

Fjármálastofnanir eiga að leggja saman verðmæti allra frjárhagsreikninga (ekki neikvæðar stöður) sem hver og einn reikningshafi hefur í viðkomandi fjármálastofnun (og í tengdum fjármálastofnunum) svo unnt sé að ákvarða hvort eign viðkomandi reikningshafa fari yfir þau viðmiðunarmörk sem um ræðir í FATCA samningnum eða í reglugerð 1240/2015.

#### *10.8. Öflun erlendra skattkennitalna - FATCA*

Þegar því hefur verið slegið föstu að reikningshafi eða raunverulegur eigandi sé aðili með skattalega heimilisfesti í Bandaríkjunum eða bandarískan ríkisborgararétt skal fjármálastofnunin afla upplýsinga um bandaríska skattkennitölu reikningshafans eða raunverulega eigandans. Þetta er gert með því að óska eftir bandarísku eyðublaði IRS W-9. Með bandarískri skattkennitölu er átt við US federal taxpayer identifying number.

Fyrir alla nýja frjárhagsreikninga sem tilheyra einstaklingum og auðkenndir hafa verið sem tilkynningaskyldir bandarískir reikningar frá 30. nóvember 2014 skal fjármálastofnunin kalla eftir yfirlýsingum frá reikningshöfum sem búsettir eru í Bandaríkjunum eða eru bandarískir ríkisborgarar. Yfirlýsingin skal vera á IRS eyðublaðinu W-9 og skal innihalda upplýsingar um bandaríska skattkennitölu.

Vegna reikninga sem stofnað var til fyrir 30. nóvember 2014 skal fjármálastofnunin tilkynna um hina bandarísku skattkennitölu svo framarlega sem upplýsingar um hana eru tiltækar hjá fjármálastofnuninni. Fjármálastofnunin skal hafa aflað upplýsinga um þessa kennitölu fyrir 1. janúar 2017. Fyrir þann tíma skal upplýsa um fæðingardag og ár viðkomandi reikningshafa sé kennitalan ekki tiltæk.

Fjármálastofnanir skulu gera það sem í þeirra valdi stendur til að afla framangreindra upplýsinga.

Ekki er gerð krafa um að fjármálastofnanir staðfesti að bandarísk kennitala sé rétt. Þetta þýðir að fjármálastofnunin er ekki ábyrg fyrir rangri upplýsingagjöf hafi reikningshafinn gefið upp rangar upplýsingar svo framarlega sem fjármálastofnunin hafi ekki ástæðu til að vita að upplýsingarnar væru rangar.

## **11. Sérstakar reglur um FATCA**

### *11.1. Almenn.*

Samkvæmt bandarísku FATCA löggjöfinni skal halda eftir 30% afdráttarskatti af greiðslum sem greiddar eru íslenskum fjármálastofnunum. Íslenskar fjármálastofnanir eru þó undanþegnar slíkum skatti á grundvelli FATCA samningsins sem Ísland og Bandaríkin hafa



gert. Undanþágan er háð því að fjármálastofnanir upplýsi um bandaríska reikningseigendur og tiltekna greiðslur sem fara til fjármálastofnana sem ekki eru þátttakendur í FATCA.

Skyldur íslenskra fjármálastofnana hvað varðar greiðslur til þessara aðila eru tvíþættar. Annars vegar skal íslenska fjármálastofnunin upplýsa um greiðslur sem fara frá henni til fjármálastofnana sem ekki eru þátttakendur í FATCA. Hvað varðar tekjuárin 2015 og 2016 skal senda ríkisskattstjóra upplýsingar um heildargreiðslur til viðkomandi fjármálastofnunar sem ekki er þátttakandi í FATCA. Hins vegar skal fjármálastofnunin stuðla að því að haldið verði eftir réttum afdráttarskatti samkvæmt FATCA reglunum sem gilda í Bandaríkjunum þegar afdráttarskyldar greiðslur eru greiddar fjármálastofnun sem ekki er þátttakandi í FATCA.

Það sem skiptir máli hér er hvort að sú greiðsla sem fer til fjármálastofnunar sem ekki er þátttakandi í FATCA sé afdráttarskyld samkvæmt bandarískum lögum. Samkvæmt íslenskum lögum og reglum hvíla engar afdráttarskyldur á íslenskum fjármálastofnunum í tengslum við FATCA samninginn. Á íslenskum fjármálastofnunum hvílir aftur á móti skylda til að veita nauðsynlegar upplýsingar í greiðslukeðjunni. Þær fjármálastofnanir sem hafa svo skuldbundið sig gagnvart bandarískum skattyfirvöldum að halda eftir skatti eru undanþegnar þessum reglum.

### *11.2. Hver telst vera fjármálastofnun sem er ekki þátttakandi í FATCA?*

Samkvæmt skilgreiningu FATCA samningsins telst fjármálastofnun ekki vera þátttakandi í FATCA ef bandarísk skattyfirvöld telja að viðkomandi fjármálastofnun uppfyllir ekki FATCA skuldbindingar. Hugtakið tekur til:

- fjármálastofnanar sem eru heimilisfastar í ríki sem ekki hefur gert FATCA samning við Bandaríkin, og sem hefur ekki gert FFI samning við bandarísk skattyfirvöld
- fjármálastofnun sem er heimilisföst í ríki sem hefur gert FATCA samning við Bandaríkin, en Bandaríkin halda fram að uppfylli ekki skyldur sínar

Þegar reikningshafi er lögaðili verður að skoða hvort að hann sé fjármálastofnun sem uppfyllir skilyrði FATCA eða ekki. Sé ekki unnt að taka ákvörðun um hvort að reikningshafinn sé annað hvort fjármálastofnun sem uppfyllir skilyrði FATCA eða virkur erlendur lögaðili sem er ekki fjármálastofnun (e. Active NFFE), er nauðsynlegt að fá yfirlýsingu frá reikningshafanum. Þetta hefur í för með sér að sé möguleiki á að reikningshafi sé fjármálastofnun verður íslenska fjármálastofnunin að kanna hvort að reikningshafinn sé með skráð GIIN eða fá yfirlýsingu sem sýnir fram á hver staða reikningshafa er.

Á heimasíðu bandarískra skattyfirvalda má finna yfirlit um:

- hvaða ríki og svæði hafa gert FATCA samning við Bandaríkin
- allar fjármálastofnanir sem fengið hafa GIIN

Bandarísk skattyfirvöld hafa tilkynnt að ekki verði gefinn út listi yfir fjármálastofnanir sem ekki eru þátttakendur í FATCA en eru heimilisfastar í samstarfslögsögu en í FATCA samningnum er að finna ákvæði um slíkan lista. Bandarísk skattyfirvöld munu aftur á móti fjarlægja slíka aðila af GIIN listanum.

Hafi reikningshafi ekki GIIN verður íslenska fjármálastofnunin í öllum tilvikum að fá yfirlýsingu frá reikningshafa sem sýnir fram á hver staða hans er. Ef reikningshafi afhendir ekki slíka yfirlýsingu skal fara með hann sem fjármálastofnun sem er ekki þátttakandi í FATCA.

Fjármálastofnanir verða að auðkenna þær fjármálastofnanir sem ekki eru þátttakendur í FATCA sbr. reglurnar um skoðun á reikningum lögaðila. Þegar nýir reikningar eru stofnaðir ber að framkvæma skoðun og flokka reikningshafann.

### *11.3. Upplýsingaskylda um greiðslur til fjármálastofnana sem eru ekki þátttakendur í FATCA.*

Eins og fram kemur hér að framan skal upplýsa um greiðslur til fjármálastofnana sem eru ekki þátttakendur í FATCA.

Upplýsingaskyldan tekur til greiðslna sem hafa tengsl við fjárhagsreikninga s.s.

- vaxta sem eiga uppruna sinn utan Bandaríkjanna
- arðs sem á uppruna sinn utan Bandaríkjanna
- greiðslna vegna tryggingasamninga

Beinar og óbeinar greiðslur á vöxtum og arði sem eiga uppruna sinn innan Bandaríkjanna falla undir upplýsingaskylduna þegar greiðslan tengist t.a.m. afleiðuviðskiptum endurhverfum viðskiptum, lánum á verðbréfum o.þ.h.

Fjárhagsreikningar falla undir upplýsingaskylduna óháð því hvort fjármálastofnunin sem er ekki þátttakandi í FATCA eigi sjálf reikninginn eða hvort hún haldi á honum fyrir viðskiptavin sinn. Opni fjármálastofnun sem ekki er þátttakandi reikning í nafni viðskiptavinar er það viðskiptavinurinn sem telst vera reikningshafi og ekki fjármálastofnunin sjálf.

Þær upplýsingar sem skila þarf eru:

- nafn á fjármálastofnuninni sem er ekki þátttakandi
- heildarfjárhæð greiðslna á viðkomandi tekjuári

Ekki þarf að skila upplýsingum um eftirfarandi greiðslur:

- fyrir þjónustu (laun og þess háttar)
- fyrir leigu á fasteignum og lausafé
- samkvæmt leigusamningum
- fyrir farmflutninga o.þ.h.
- spilavinninga o.þ.h.
- verðlaun og styrki